

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 17. janúar 2024

Mál nr. S-1732/2022:

Héraðssaksóknari

(Dagmar Ösp Vésteinsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Guðbjarni Eggertsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 16. janúar 2024, er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 7. apríl 2022, á hendur X, kennitala [...], [...], „fyrir eftirtalin brot framin á árinu 2018:

I.

Stórfellt brot í nánu sambandi, nauðgun og hættubrot, með því að hafa endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað heilsu og velferð þáverandi sambýliskonu sinnar, A, kt. [...], svo sem hér nánar greinir:

- Í júní, inni í bifreið á Egilsstöðum, veist að A, með því að toga öryggisbelti utan um háls hennar og þrengja beltinu um hálsinn, klípa hana í vinstri handlegg og hægra læri, slá hana og rífa buxur hennar, allt með þeim afleiðingum að hún hlaut mar á vinstri handlegg og hægra læri.
- Í ágúst, inni á þáverandi heimili þeirra að [...], veist að A með höggum og spörkum og rífið nærbuxur hennar utan af henni, allt með þeim afleiðingum að hún hlaut mar yfir rifbeinum og á brjósti og sár á neðri kvið.
- Þriðjudaginn 4. september, inni á þáverandi heimili þeirra að [...], rífið í hár A, hrint henni og hellt úr drykkjarfernu yfir föt hennar.

4. Mánudaginn 17. september, inni á þáverandi heimili þeirra að [...], hellt úr kaffibolla yfir A, sparkað í aftanvert læri hennar, farið með hana inn á baðherbergi þar sem ákærði hrinti henni svo að hún féll og skall með mjóbakið á salernið, sparkað í klof hennar og stigið með hælnum ofan á ristina á henni, rifið í hár hennar og sparkað í hana þar sem hún lá á gólfinu. Því næst skipaði ákærði A að þrífa upp kaffið. Af framangreindri háttsemi hlaut A eymsli víða um líkamann, einkum á baki.
5. Laugardaginn 13. október, inni á þáverandi heimili þeirra að [...], hrint A þannig að hún féll og skall með ennið á baðherbergisgólfið, því næst hent fatnaði í eigu A inn í sturtuna og skrúfað frá vatninu, hent A sjálfri inn í sturtuna þar sem hann lamdi hana og hafði yfir hana þvaglát, á meðan hún lá á grúfu í sturtunni, og fór þvag ákærða yfir höfuð hennar og öxl, því næst skipað A að koma úr sturtunni og fara úr fötunum og inn í svefnherbergi þar sem ákærði klæddi hana úr nærbuxunum og hafði við hana samræði, án hennar samþykkis. Af framangreindri háttsemi hlaut A kúlu á ennið, höfuðverk, sjóntruflanir og eymsli á vinstri öxl.
6. Sunnudaginn 4. nóvember, í Ártúnsbrekku í Reykjavík, ekið bifreið sinni fram fyrir bifreið A og ítrekað hemlað skyndilega fyrir framan hana í því skyni að fá hana til að stöðva bifreið sína og síðar á Miklubraut, hemlað skyndilega fyrir framan hana svo að hún neyddist til að stöðva bifreið sína. Þá hljóp ákærði út úr bifreið sinni og reif upp hurðina ökumannsmegin hjá A, þar sem ákærði reyndi að rífa hana út úr bifreið hennar en A gat sannfært ákærða um að hitta sig í Faxafeni, þar sem hún náði að forða sér inn í aðra bifreið áður en ákærði kom á bifreið sinni og bakkaði henni í tvígang á bifreið A, en með háttsemi sinni stofnaði ákærði lífi og heilsu A í augljósan háska.

Teljast brot þessi varða við 1. og 2. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot skv. 5. tl. telst auk þess varða við 1. mgr. 194. gr. sömu laga og brot skv. 6. tl. auk þess við 4. mgr. 220. gr. sömu laga.

II.

Eignapjöll, með því að hafa skemmt hluti í eigu þáverandi sambyliskonu sinnar, A, kt. [...], svo sem hér nánar greinir:

7. Sunnudaginn 21. október, skorið hvíta hettupeysu, að óþekktu verðmæti, með hníf, með þeim afleiðingum að hún eyðilagðist.
8. Sunnudaginn 21. október, stungið með hníf í 66° Norður íþróttatösku, að verðmæti 14.000 kr., með þeim afleiðingum að taskan eyðilagðist.
9. Miðvikudaginn 31. október, borað með borvél í gegnum tölvutösku að óþekktu verðmæti, með þeim afleiðingum að taskan eyðilagðist.
10. Sunnudaginn 4. nóvember, kastað Macbook pro fartölvu, að verðmæti kr. 364.990, í gólfið og því næst stappað ofan á henni með fætinum, með þeim afleiðingum að fartölvun eyðilagðist og sama dag kastað hálsmeni, að verðmæti kr. 10.900, og Daniel Wellington armbandsúri, að verðmæti 23.900 kr., í klósettið, með þeim afleiðingum að munirnir glötuðust.
11. Á óþekktum tíma kastað myndavélalinsu í gólfið og stappað ofan á Fujifilm x-m1 myndavél, að áætluðu verðmæti 137.249 kr., með þeim afleiðingum að munirnir eyðilögðust.

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. [...], er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða henni skaða- og miskabætur samtals að fjárhæð kr. 5.373.330, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 4. nóvember 2018, þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar

að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum reikningi, auk virðisaukaskatts á málskostnað.“

Þann 10. maí 2022 gaf héraðssaksóknari út ákæru á hendur ákærða og var meðferð málanna sameinuð sbr. 1. mgr. 169. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærði er þar ákærður „fyrir umferðarlagabrot og brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, með því að hafa fimmtudaginn 30. september 2021 ekið bifreiðinni [...], sviptur ökuréttindum og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ólöglegra ávana- og fíkniefna (í blóðsýni greindist tetrahýdrókannabínól 4,9 ng/ml), um Snæfellsnesveg við Syðra-Lágafell í Eyja- og Miklaholtshreppi, þar sem lögregla hafði afskipti af ákærða og á sama tíma haft í vörslum sínum 5,29 g af maríhúana sem hann framvísaði við afskipti lögreglu.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, og 2. gr. sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, sbr. reglugerð nr. 808/2018.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 99. gr. og 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þá er þess jafnframt krafist að 5,29 g af maríhúana, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, verði gerð upptæk með dómi samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 með síðari breytingum og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, með síðari breytingum.“

Ákærði krefst vægustu refsingu er lög leyfa. Hann krefst þess að miskabótakröfu verði vísað frá dómi en að öðru leyti verði einkaréttarkrafa lækkuð verulega.

Með úrskurði Landsréttar frá 8. desember sl. í máli nr. 810/2023 var dómur í máli þessu frá 11. nóvember 2022 ómerktur á þeim grundvelli að skilyrðum 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 til að í málinu yrði kveðinn upp dómur án þess að það yrði flutt að nýju hafi ekki verið fullnægt. Málinu var því vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og

dómsálagningar að nýju. Fór munnlegur málflutningur fram 16. janúar 2024 og málið dómtekið að honum loknum.

I.

Málsatvik

1.

Upphaf máls þessa má rekja til atviks er átti sér stað 4. nóvember 2018 en þá var lögreglu tilkynnt um slagsmál úti á miðri götu, þar sem aðili hefði verið dreginn út úr bifreið. Fram kom að tvær bifreiðar væru á vettvangi, önnur með [...] skráningarmerki, og væru þær úti í kanti í Ártúnsbrekku neðst við Miklubraut. Þegar lögreglan kom á vettvang voru bifreiðarnar farnar og engan að sjá. Skömmu síðar var tilkynnt að bifreið hefði verið ekið af ásetningi á aðra bifreið og var kallað eftir aðstoð lögreglu. Þegar lögregla kom á vettvang, á bifreiðastæði við Faxafeni 14, sat brotaþoli A í farþegasæti bifreiðar móður meints geranda, ákærða X. Rætt var við brotaþola og kom fram að ákærði væri á bifreiðinni [...] sem væri [...] skráningarmerki.

Í kjölfar atviksins gaf brotaþoli skýrslu hjá lögreglu. Hún kvaðst hafa verið í sambúð með ákærða en þau hefðu kynnst í júní 2017 og hafið sambúð á heimili hans að [...] í janúar 2018. Þegar skýrslan var gefin átti brotaþoli von á barni með ákærða. Lýsti brotaþoli framangreindu atviki ítarlega. Kvaðst hún hafa veitt ákærða eftirtekt þegar hann elti hana á M-Benz-fólksbifreið en sjálf hefði hún ekið sendibifreið í eigu fyrirtækisins sem hún starfaði hjá. Hann hefði reynt að fá hana til að stöðva bifreiðina með því að keyra fram fyrir hana og hemla og hefði hún að lokum neyðst til þess að stansa. Þá hefði hann rífið upp hurð bifreiðarinnar og reynt að rífa hana út úr bifreiðinni. Hún hefði getað fengið hann til að hitta sig í Faxafeni en þegar þangað kom hefði ákærði vísvitandi bakkað tvisvar sinnum á sendibifreiðina sem var kyrrstæð í bílastæði en síðan farið af vettvangi.

Í skýrslutökunni lýsti brotaþoli fleiri atvikum þar sem ákærði hefði ráðist á hana með ofbeldi.

2.

Skýrsla var tekin af brotaþola 14. nóvember 2018 að viðstöddum réttargæslumanni og aftur 24. ágúst 2021. Í fyrri skýrslunni lýsti hún sambandi sínu og ákærða, hvað hefði

einkennt það og hvernig það hefði þróast þar til því lauk endanlega eftir atvikið 4. nóvember sl. Þá greindi hún frá nokkrum atvikum, sem verknaðarlýsing í ákæru er byggð á, sem átt hefðu sér stað með nokkurra mánaða millibili á árinu 2018, þar sem ákærði hefði beitt hana líkamlegu ofbeldi eða stofnað lífi hennar og heilsu í augljósan háska. Brotapoli kvaðst aldrei hafa leitað til læknis eða leitað aðstoðar lögreglu á tímabilinu. Hún kvað ákærða hafa átt við fíknivanda að stríða en þegar hann hefði ráðist á hana hefði það gerst skyndilega og hann verið allsgáður.

Brotapoli greindi enn fremur frá því hvernig ákærði hefði eyðilagt muni og fatnað sem hún ætti. Hann hefði að hluta til tekið athæfið upp á síma sama dag og atvikið 4. nóvember átti sér stað og sent henni upptökuna.

Í seinni skýrslutökunni var brotapoli spurð nánar út í einstök atriði í tilefni þess að málið var sent til frekari rannsóknar frá héraðssaksóknara þann 18. júní 2021.

Ákærði var boðaður til skýrslutöku 16. nóvember 2018. Hann kannaðist við ákveðin atriði sem borin voru undir hann er áttu sér stað á tímabili ákæru en neitaði því alfarið að hafa beitt brotapolu líkamlegu ofbeldi. Hann kannaðist við að hafa beitt hana andlegu ofbeldi og að hafa verið virkilega orðljótur og stjórnlaus í samskiptum við hana. Þá viðurkenndi hann þá háttsemi sem honum er gefin að sök þann 6. nóvember 2018 og jafnframt að hafa eyðilagt tiltekna muni í hennar eigu af ásetningi.

3.

Brotapoli afhenti síma sinn til frekari rannsóknar og var hann afritaður 14. nóvember 2018. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla lögreglumanns sem skoðaði afrituð gögn í þeim tilgangi að finna atriði sem sýndu samskipti á milli brotapolu og ákærða sem hefðu að geyma hótanir, afsökunarbeiðnir og eignaspjöll. Gögnin liggja fyrir í heild sinni á diskum en í málgögnum voru sérstaklega dregin fram samskipti sem áttu sér stað þá daga sem greinir í ákæru og dagana í kringum meint brot.

Meðal gagna máls er vottorð B sálfræðings sem hitti brotapolu í fjögur skipti á tímabilinu 2. október 2018 til 4. desember 2018. Ástæða komu hafi verið sú að brotapoli kvaðst vera að reyna að komast út úr ofbeldissambandi og taldi sig þurfa stuðning tengdan því.

Viðtölin hafi því tekið mið af því að styðja brotaþola í þeirri ákvarðanatöku, meta afleiðingar ofbeldisins og fylgjast með andlegu ástandi hennar, þ.m.t. einkennum áfallstreituröskunar eftir meint ofbeldi og samslætti við aðrar geðraskanir. Í vottorðinu kemur fram að í fyrsta viðtalinu hafi brotaþoli greint frá því að tvær vikur væru liðnar frá því að hún var beitt ofbeldi af hálfu ákærða. Lýsti hún ofbeldinu frekar og blendnum tilfinningum gagnvart honum. Hún greindi frá einkennum sem samsvöruðu áfallstreituröskun út frá þessu ofbeldistilviki. Þessi einkenni höfðu minnkað í öðru viðtali 9. október 2018, en hún hafði hitt ákærða á milli viðtala og greindi ekki frá atvikum þar sem ákærði beitti hana líkamlegu ofbeldi á tímabilinu þar á milli. Hún virtist í viðtölum að hluta til vera með óraunhæfar væntingar varðandi möguleika á uppbyggilegu sambandi við ákærða, þrátt fyrir lýsingar hennar á stigmögnum alvarleika og tíðni ofbeldis.

Brotaþoli mætti ekki í viðtal 23. október 2018 og óskaði ekki eftir tíma fyrr en 15. nóvember 2018. Ástæðu þessa kvað hún vera þá að ákærði væri ekki hlynntur því að hún færi í viðtöl, auk þess sem hún upplifði skömm yfir því að hafa „komið sér í þessa stöðu aftur“. Í viðtali 27. nóvember 2018 virtist brotaþoli vera í meira uppnámi en í fyrri viðtölum og styttra í tárin. Hún hefði þó í fyrsta sinn verið tilbúin til að fara frá ákærða. Greindi hún frá tveimur tilvikum, annars vegar 13. október og hins vegar 4. nóvember, en í annað skiptið hefði hann beitt hana ofbeldi og nauðgað henni. Greindi hún frá áfallastreitueinkennum eftir bæði atvikin en fyrir lá að brotaþoli var barnshafandi og gat það skýrt ákveðin einkenni. Jafnframt greindi hún frá fyrri áföllum ótengdum ákærða sem hún kvað líklega hafa áhrif á líðan sína enn í dag að einhverju leyti en þau áföll sem hún greindi frá og tengdust ákærða hefðu mun meiri áhrif á líðan hennar. Í síðasta viðtali var mánuður liðinn frá síðasta ofbeldisatviki og uppfyllti hún þá öll greiningarviðmið áfallastreituröskunar. Í viðtali 4. desember 2018 voru einkennin endurmetin og hafði þá dregið úr áfallaeinkennum en hún uppfyllti hún enn viðmið um áfallastreituröskun. Taldi sálfræðingurinn mögulegt að brotaþoli þyrfti á frekari meðferð að halda vegna meints kynferðisbrots. Ljóst væri að sá atburður hefði haft víðtæk áhrif á líðan brotaþola og ekki hægt að segja til með vissu um framvinduna.

Þar sem brotaþoli greindi frá því að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi var henni vísað á sálfræðiþjónustu Neyðarmóttöku. Í vottorði C sálfræðings, sem tók við meðferð

brotapola hjá Neyðarmóttöku, kemur fram að brotapolí hafi komið fimmtán sinnum í viðtöl á tímabilinu 17. desember 2018 til 3. júní 2019 og hafi enn verið í eftirfylgni er vottorðið var ritað. Í fyrsta viðtali greindi hún frá meintu kynferðisbroti. Fram kemur að í því viðtali hafi geðslag hennar verið flatt og hún virst dofin þegar hún greindi frá en í síðari viðtölum hafi hún sýnt aukin streituvíðbrögð og grátið. Hún var að mati sálfræðingsins samvinnuþýð, opinská, frásögn hennar trúverðug og hún samkvæm sjálfri sér. Í viðtölunum greindi brotapolí frá áfallastreitueinkennum eftir meint kynferðisbrot, m.a. að sér þætti erfitt að leita stuðnings fjölskyldu og vina vegna sjálfsásökunar og skammar í tengslum við meint brot. Ítarlegt endurmat á einkennum áfallastreituröskunar var gert 2. janúar 2019, rúmum 11 vikum eftir meint kynferðisbrot, og uppfyllti brotapolí öll greiningarskilmerki áfallastreituröskunar í kjölfar þess. Niðurstöður sjálfsmatslista samsvöruðu vel frásögnum brotapolá í viðtölum.

Mismunagreining var gerð vegna fyrri áfalla, þ.e. þeirra er tengdust ákærða og ótengdum aðilum. Niðurstöður leiddu í ljós að brotapolí virtist hafa jafnað sig á þeim áföllum á eðlilegan hátt og hún uppfyllti ekki greiningarskilmerki áfallastreituröskunar vegna fyrri áfalla þegar greiningarmatið fór fram. Í ljósi niðurstöðu matsins var mælt með meðferð við áfallastreituröskun og hófst hún 9. janúar 2019. Fóru áfallaeinkenni brotapolá minnkandi. Greindi hún frá að þegar frá leið hefði hún getað nýtt sér stuðning fjölskyldu og vina. Lauk brotapolí meðferðinni með góðum árangri og virtist vera komin í góðan bata eftir meint kynferðisbrot. Segir í niðurlagi vottorðsins að þrátt fyrir þetta sé líklegt að brotapolí þurfi áfram í sínu daglega lífi að takast á við áminningar um meint brot og aðrar afleiðingar þess. Ljóst sé að atburðurinn hafi haft víðtæk áhrif á líðan hennar.

Þá liggja fyrir vottorð D kírópraktors, dagsett 29. nóvember 2018, staðfesting á viðtölum í Kvennaathvarfi, dagsett 2. ágúst 2021, og vottorð úr bráðasjúkraskrá Heilbrigðisstofnunar [...] frá 5. ágúst 2021.

II.

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði greindi svo frá að hann hefði byrjað í sambandi með brotapolá á árinu 2017 og þau hefðu byrjað að búa saman á árinu 2018. Hann lýsti sambandinu svo að það hefði verið mjög „veikt“ samband, þar sem þau hefðu gert mikið til að „stuða“ hvort annað.

Þau hefðu verið hamingjusöm og ástfangin fyrst en síðan hefði tekið við þráhyggja og ljót orðaskipti. Þau hefðu bæði verið afbrýðisöm.

Ákærði kvaðst aldrei hafa beitt brotaþola líkamlegu ofbeldi. Hann myndi bara eftir einu tilviki þar sem hann hefði togað í bol hennar svo að teygðist á honum. Spurður um það sem eftir honum er haft í lögregluskýrslu um að hann hefði einu sinni hrint brotaþola og hún dottið í rúmið kvað hann það mögulega hafa verið „í fíflaskap“. Þá kvaðst hann muna eftir að hafa séð ljósmynd sem sýndi skrámu á hendi en það væri ekki mynd sem væri meðal gagna. Hann viðurkenndi að hafa beitt andlegu ofbeldi í sambandinu og að samskipti hans hefðu verið ljót, m.a. hefði hann verið mjög orðljótur í skilaboðum sem gengu þeirra á milli. Ákærði kvað sér hafa liðið illa og andlega hlið sína verið sveiflukennda. Hann hefði ekki alltaf verið í jafnvægi og reynt að yfirfæra sársauka sinn yfir á aðra en ekki leitað sér aðstoðar. Hann kannaðist við fíkniefnaneyslu á tímabilinu, að hafa misst stjórn á sér og sagt hluti sem hann sæi eftir. Ákærði kvaðst ekki hafa litið á sig sem veikan einstakling þá eins og hann gerði í dag.

Spurður um *fyrsta ákærulið I. kafla ákæru* kvaðst ákærði ekki kannast við þá háttsemi sem honum væri þar gefin að sök. Þau brotaþoli hefðu ferðast til Egilsstaða. Það hefði verið á þeim tíma er brotaþoli var veik af myglu sem fannst í íbúð þeirra að [...]. Þau hefðu rifist í bílnum. Kvaðst hann ekki muna sérstaklega eftir því að brotaþoli hefði farið út úr bílnum. Á þessum tíma hefði ákærða liðið illa og hefði það m.a. birst í skilaboðum til brotaþola. Hefði hann verið að reyna að stjórna með hótunum um að „detta í það“ o.fl.

Ákærði kannaðist ekki við þá háttsemi sem honum er gefin að sök í *öðrum tölulið* eða þá áverka sem brotaþoli myndaði. Hann kvað brotaþola hins vegar oft hafa verið með skrámur sem hún hefði sýnt honum. Hefði það oft verið eitthvað sem hún fékk í vinnunni.

Varðandi *þriðja tölulið* kvaðst ákærði kannast við tilvik þegar þau hefðu bæði verið á leið í útför og það hafi orðið „vesen“ vegna fatnaðar. Brotaþoli hefði verið að „vesenast eitthvað“ með það sem hún ætlaði að klæðast. Hefði hann þá kastað fernu af Hleðslu í vegg og það hefði farið út um allt, á hana og á fötin sem hún hefði þá ekki getað klæðst. Þá hefði hann skipað henni að þrifa upp eftir þetta. Spurður nánar um útförina og skilaboð sem á milli hans og brotaþola fóru á þessum degi kvað hann mögulegt að þarna væri um

að ræða jarðarför sem hún hefði sótt ein. Ákærði hefði líklegast verið byrjaður í kannabisneyslu á þessum tíma en hann hefði ekki beitt líkamlegu ofbeldi.

Um *fjórða tölulið* kvaðst ákærði ekki hafa beitt líkamlegu ofbeldi eins og honum er gefið að sök. Hann kvaðst muna eftir því að kaffi hefði hellst niður og hann hefði skipað henni að þrífa það. Á þessum tíma hefði sambandið verið að versna. Spurður um sms-samskipti þar sem brotþoli talar um áverka og verk í baki kvað ákærði brotþola alltaf hafa kvartað yfir verkjum. Hann kvaðst ekki geta gefið skýringu á skilaboðum sem borin voru undir hann en kvaðst hafa verið mjög orðljótur þegar þau rifust og verið ógnandi. Það gæti því vel verið að brotþoli hefði óttast hann. Aðspurður kvaðst hann muna eftir því að brotþoli hefði í eitt skipti leitað til Kvennaathvarfsins vegna slíkrar hræðslu.

Um *fimmta tölulið* kvaðst ákærði vel muna eftir þessum degi enda degi fyrir afmælið hans. Kvaðst ákærði hafa verið „sjokkeraður“ af lýsingunni í ákæru. Hann kvað enga uppákomu hafa verið þennan dag þeirra á milli, mögulega einhverja þrætu. Aðspurður kvaðst hann muna efir því að þau brotþoli hefðu haft samræði en ekkert óvenjulegt hefði gerst. Kvaðst hann hafa verið tillitssamur við brotþola. Ákærði kvað þau hafa farið í sumarbústað saman næsta dag. Spurður út í sms-skilaboð þeirra á milli þennan dag kvaðst ákærði ekki geta skýrt hvað átt væri við.

Ákærði viðurkenndi þá háttsemi sína sem honum er gefin að sök í *sjötta lið* ákæru að því undanskildu að hann hefði ekki reynt að draga brotþola út úr bifreiðinni og ekki stofnað lífi hennar og heilsu í háska með háttalagi sínu. Kvaðst ákærði þó bera virðingu fyrir upplifun brotþola og skilja að hún hefði verið óttaslegin. Hann kvaðst ekki muna atvik að öllu leyti vel en móðir hans hefði blandast inn í þetta atvik og hefði hann skammast sín vegna þess og hlýtt móður sinni og farið heim. Ákærði kvaðst hafa glímt við einhverja þráhyggju á þessum tíma og afbrýðisemi. Hann hefði verið á „vondum stað“ og sér hefði ekki liðið vel. Ákærði kvaðst hafa vitað að brotþoli væri barnshafandi á þessum tíma.

Spurður hvort hann gæti skýrt hvers vegna brotþoli bæri á hann sakir um háttsemi sem hann kannaðist ekki við kvað hann mögulegt að hún stjórnaðist af reiði. Mögulega hefðu önnur kynferðisbrot sem hún hefði orðið fyrir haft áhrif á einhvern hátt. Kvaðst ákærði hafa talið að brotþoli myndi draga ásakanirnar til baka. Þá kynni að vera að það væri

gert til að tálma umgengni við barnið sem þau ættu saman en hann hefði aldrei fengið að hitta það.

Brotapoli kvaðst hafa kynnst ákærða í gegnum Tinder í mars 2017 en þá hefði hún verið [aldur]. Þau hafi í fyrstu haft samskipti í gegnum snapchat en hist í júní það ár í fyrsta sinn. Brotapoli hefði vitað um fortíð ákærða, neyslu og börn úr fyrri samböndum. Þau hefðu hætt þrisvar sinnum saman fyrir jól 2017 en byrjað saman aftur í janúar 2018 og hafið sambúð að [...] þar sem ákærði bjó. Þau hefðu hætt saman 17. september 2018 í eina viku, en á þeim tíma hefði hún greint þeim sem stóðu henni næst frá því að hún væri í ofbeldissambandi og vildi fá hjálp. Sambandinu hefði endanlega lokið 4. nóvember 2018 en eftir það hefði hún ekkert verið í samskiptum við ákærða.

Brotapoli lýsti því að þegar ákærði hefði byrjað að beita hana andlegu ofbeldi hefði hún ekki skilgreint það sem ofbeldi og verið mjög meðvirk með allri hans framkomu. Hann hefði sakað hana um það sem miður fór og sagt ljóta hluti. Hann hefði sagt að hann væri í bata eftir fíkniefnaneyslu en leynt hana því hvernig ástandið raunverulega var. Brotapoli kvaðst hafa veikst af myglu í maí 2018. Þá hefði hið líkamlega ofbeldi byrjað og breyst úr því að ógna henni eða hræða með ofbeldistilburðum. Ofbeldið hefði ágerst og liðið skemmra á milli tilvika. Hefði hún í raun mátt búast við ofbeldi hvenær sem var. Alvarlegustu tilvikin sætu eftir en önnur rynnu meira saman. Myndi hún best eftir atvikum sem hún gæti tengt við aðstæður eða eitthvað annað sem hefði verið að gerast í lífi hennar á þeim tíma.

Brotapoli kvað ákærða aldrei hafa verið undir áhrifum þegar hann lagði á hana hendur. Hann hefði farið annað og neytt efnanna og látið hana í friði á meðan. Hún hefði myndað áverka í nokkrum tilvikum en eytt þeim úr símanum því hún vildi ekki að ákærði sæi að hún væri að taka slíkar myndir. Brotapoli kvaðst hafa haldið því leyndu fyrir öllum sem stóðu henni næst hvernig sambandið var og falið áverkana eða gefið aðrar skýringar á þeim. Hún hefði trúað því þegar hann sagðist myndu leita sér aðstoðar og viljað gefa honum tækifæri. Hann hefði hins vegar alltaf slegið slíku á frest.

Brotapoli kvaðst hafa sagt systur ákærða fyrstri allra frá ofbeldinu og hún hefði greint foreldrum ákærða frá því auk þess sem hún hefði tekið eftir áverkum á brotapolu. Þegar

brotapoli hefði loks leitað til Kvennaathvarfsins fyrst hefði hún viljað fá aðstoð en ekki viljað leggja fram kæru.

Hvað varðar *fyrsta tölulið I. kafla ákæru* kvað brotapolí þau hafa farið í útilegu en hún hefði verið í veikindaleyfi vegna myglunnar á þessum tíma. Þau hefðu komið til Egilsstaða 12. júní 2018 og það sæi hún m.a. af færslum á greiðslukorti sínu. Ákærði hefði verið í mjög slæmu skapi og viljað ná sér í fíkniefni. Þau hefðu gíst í Hallormsstaðarskógi en þegar atvikið átti sér stað hefðu þau verið á tjaldsvæði innanbæjar. Brotapoli taldi líklegt að kveikjan að árásinni hefði verið óánægja hennar með neyslu hans. Hann hefði á þessum tíma verið hættur að fela neysluna. Þetta hefði orðið til þess að hann réðst á hana inni í bílnum sem þá var kyrrstæður. Hann hefði tekið í öryggisbeltið sem hún var búin að spenna á sig í farþegasætinu og þrengt það að henni þannig að höfuð hennar hallaðist aftur í sætisþúðann. Hann hefði klípið hana í vinstri handlegg og hægra lærið. Buxur hennar hefðu rifnað og hún fengið stórt mar á handlegginn. Hún hefði komist út úr bílnum en hann reynt að rífa af henni símann og greiðslukort. Hefði hún hlaupið út og inn í skóg á bak við tjaldsvæðið þar til hún hefði komið að kaffihúsinu Tehúsinu. Þar hefðu fáir verið en hún hefði pantað sér kaffi og reynt að láta lítið á sér bera. Ákærði hefði sent henni skilaboð og þá verið að leita að henni. Brotapoli kvaðst einnig hafa verið í samskiptum við aðila sem hún þekkti en ekki sagt honum hvernig í pottinn var búíð. Ákærði hefði svo komið á bílnum og viljað taka flug heim en horfið frá þeirri fyrirætlun. Þau hefðu klárað þessa útilegu en ákærði hefði verið andstyggilegur allan tímann.

Brotapoli kvað vinkonu sína E hafa séð marblettinn á aftanverðum handlegg þegar hún kom í heimsókn til hennar 20. júní 2018. Hún hefði verið með bera handleggi og bletturinn farinn að skipta um lit. Hún hefði búíð til sögu um að hún hefði slasast í vinnunni en sagt henni síðar hvers eðlis var.

Um *annan tölulið* greindi brotapolí svo frá að þetta væri það tilvik sem hún ætti erfiðast með að draga fram þar sem hún gæti ekki tengt það við neinar sérstakar aðstæður. Hún hefði þó tekið mynd af áverkunum en dagsetning myndanna væri 20. ágúst 2018. Ákærði hefði beitt hana ofbeldi með því að sparka í hana og slá hana og hrinda henni í gólfið. Brotapoli kvaðst ekki muna vel eftir atlögunni sjálfri, þ.e. hvar högginn lentu eða hver

hefði verið kveikjan að henni. Hins vegar myndi hún eftir sér á gólfinu á bakinu og þegar ákærði reif í framanverðar nærbuxurnar hennar og togaði í þær þar til þær rifnuðu. Hún hefði lyfst upp frá gólfinu við það. Hefði hún hlotið áverka á hægri brjósti og fengið far eftir nærbuxurnar. Aðspurð taldi hún sig hafa munað betur eftir atvikum er hún gaf skýrslu hjá lögreglu.

Spurð um þriðja tölulið ákæru kvað brotþoli ákærða hafa ráðist á sig að morgni til þegar hún var að búa sig fyrir útför [...] sinnar. Hún hefði valið sér föt sem hún lagði á rúmið og átt eftir að fara í sturtu og ætlað í klippingu. Þetta hefði eitthvað farið í taugarnar á ákærða og hann hefði hrint henni og rifið í hár hennar. Þá hefði hann tekið fernu með drykknum Hleðslu, skrúfað tappann af og hellt yfir fötin hennar. Hún kvaðst ekki muna hvort hann hefði kastað henni eitthvað til á eftir en myndi eftir einhverjum skvettum á veggnum. Ákærði hefði síðan rokið út og fengið sér fíkniefni og ekki komið heim um tíma. Brotþoli kvaðst hafa orðið að þrífa upp eftir þetta sem hefði verið talsvert verk. Hún hefði hringt í systur sína og sagt henni að hún yrði sein. Síðan hefði hún farið á Benz-bílnum í jarðarförina en ákærða hefði mislíkað að hún væri að nota hann. Hún hefði farið ein í útförina og enginn séð áverkana svo hún vissi til.

Brotþoli lýsti atvikum tengdum fjórða tölulið á þá leið að það hefði verið mánudagsmorguninn 17. september 2018 og hún hefði ætlað til vinnu. Hún hefði ákveðið að gefa sér tíma með ákærða áður og hellt upp á kaffi. Þau hefðu setið við borðið og hún tekið upp maskara til að setja á sig en við það hefði hann orðið trylltur og hellt úr kaffibollunum yfir hana. Hún hefði staðið upp til að skipta um föt en hann elt hana inn á bað og hrint henni yfir allt baðherbergið með því að ýta framan á hana svo að hún lenti á salernislokinu sem var opið og það meiddi hana í baki. Á setunni hefði verið kantur sem legðist yfir setuna þegar salerninu væri lokað og hún hefði lent á kantinum. Kvaðst brotþoli síðan hafa hafnað í gólfinu en þar hefði ákærði sparkað í klofið á henni og traðkað á rist hennar. Aðspurð kannaðist hún jafnframt við að ákærði hefði sparkað í aftanverð læri hennar. Eftir þetta hefði ákærði öskrað á hana og skipað henni að þrífa kaffið upp. Hún hefði farið að hágráta og fundist þetta niðurlægjandi. Kvaðst hún ekki hafa treyst sér í vinnu eftir þetta. Minnti hana að ákærði hefði farið út eftir þetta.

Brotapoli kvað þetta atvik hafa orðið til þess að hún áttaði sig á því að hún þyrfti á aðstoð að halda til að komast út úr sambandinu. Hún hefði því bókað viðtal hjá Kvennaathvarfinu. Hún hefði vitað að hún yrði að vera skipulögð og ákveðið að fara til vinnu á þriðjudeginum, en taka lítið með sér svo að hann myndi ekki átta sig á áformum hennar og koma síðan ekki aftur heim. Brotapoli kvaðst hafa sótt Benz-bifreiðina á vinnustað ákærða og rætt við vinnuveitanda ákærða sem hefði ráðlagt henni að koma sér út. Þá kvaðst brotapoli hafa greint F [...]stjóra frá því að hún hefði verið í ofbeldissambandi og þyrfti hjálp. Hann hefði hringt í G framkvæmdastjóra sem hefði hitt brotapola og hvatt hana áfram. Sér hefði í kjölfarið verið útvegaður sími til að nota og aðrar ráðstafanir gerðar. Þá hefði hún verið hvött til að greina foreldrum sínum frá og það hefði hún gert. Móðir hennar og systur hefðu þó áður reynt að ná til hennar en án árangurs. Brotapoli kvaðst hafa unnið lengur þennan dag og verið logandi hrædd um að ákærði kæmi á staðinn. Kvaðst brotapoli m.a. hafa greint nánnum vinkonum sínum frá til þess að fá stuðning og draga þannig úr líkum á því að hún færi aftur til ákærða. Að viku liðinni kvaðst brotapoli þó hafa farið aftur til hans. Þau hefðu verið í samskiptum sem hún leyndi sínu fólki og hann hefði náð henni til baka með fortölum. Þá hefði hún saknað barna hans.

Brotapoli lýsti atviki sem tilgreint er í *fimmta tölulið* svo að sér hefði verið kunnugt um að ákærði ætlaði í afmæli til systurdóttur sinnar. Hún hafði lofað sér í vinnu og hefði því ekki áformað að fara með honum. Ákærða hefði mislíkað það og ráðist á hana á baðherberginu. Hún hefði skallið í gólfflísarnar og fundið strax þegar hún fékk stóra kúlu. Hún hefði haldið um höfuðið og sagt að hún þyrfti að láta líta á sig. Ákærði hefði sótt föt sem hún átti, annars vegar úr íþróttatösku og hins vegar af fataslá, og hent þeim inn í sturtuna og skrúfaði frá sturtunni. Hann hefði síðan hent henni fullklæddri inn í sturtuna. Því næst hefði hann migið yfir hana en hún hefði verið í hnipri upp við vegg. Hefði hlandið farið yfir höfuð hennar og vinstri öxl. Þá hefði hann skipað henni úr sturtunni, farið inn í svefnherbergið og skipað henni að koma þangað. Hún hefði farið úr fötunum á baðherberginu, sem lyktuðu af hlandi, og gengið inn í svefnherbergið á nærbuxunum. Ákærði hefði klætt hana úr þeim og látið hana eða beðið hana að leggjast. Hann hefði ekki klætt sig úr heldur bara girt niður um sig og nauðgað henni með því að hafa samræði við hana gegn vilja hennar. Kvaðst brotapoli hafa legið hreyfingarlaus og ekki talið sig eiga aðra möguleika en að hlýða honum. Það hefðu engin orðaskipti verið

og hún verið dofin. Kvaðst hún muna að hún hefði lagt hendur á líkama hans á meðan hann var ofan á henni af ótta við að ella myndi honum finnast hún áhugalaus og það kynni að bitna á henni. Brotapoli kvað ákærða hafa fengið sáðlát og þannig hefði þetta endað. Hann hefði farið í afmælisveisluna og hún tekið saman og þvegið fötin.

Næsta dag hefði ákærði átt afmæli og þau farið í sumarbústað. Ákærði hefði látið sem ekkert hefði í skorist og viljað að hún væri ekki í fýlu. Þau hefðu haft kynmök í sumarbústaðnum án þess að hún nyti þess á nokkurn hátt. Hún hefði verið í algjörri afneitun á þessum tíma, ekki trúað því að þetta hefði gerst svona skömmu eftir að hún sneri til baka til hans. Skömmin hefði verið svo mikil og hún hefði ekki viljað segja neinum frá því sem gerðist. Kúlan á enninu hefði þó sést í nokkurn tíma enda stór og áberandi, á miðju enni við hársrætur. Hún hafi reynt að leyna henni með því að vera með ennisband í vinnunni og lágmarkað samskipti við aðra.

Brotapoli lýsti aðdraganda atvika sem lýst er í *sjötta tölulíð* ákæru. Hún hefði komist að því að hún væri barnshafandi og viljað gefa ákærða tækifæri. Þennan dag hefði hún ekki svarað honum í síma í vinnunni og hann verið ósáttur við það. Hefði hún fengið skilaboð frá honum og hótanir. Brotapoli kvaðst vita að ákærði hefði beðið eftir henni í bílnum á [...] en farið þaðan til þess að senda henni skilaboð þar sem hann sást eyðileggja hluti í hennar eigu. Hún hefði síðan orðið vör við hann er hann skaut sér inn í hringtorgið við Bauhaus, kom á eftir henni á ógnarhraða, tók fram úr henni og gaf henni fingurinn. Hún hefði verið á sendibifreið í eigu vinnustaðarins en hann á Benzinum. Brotapoli kvaðst hafa hringt í móður ákærða og verið með hana í heyrnartólunum. Gerði brotapolí nánar grein fyrir eltingarleik ákærða við hana, sem endaði er hann snarhemlaði á miðri Miklubraut í grennd við Ártúnsbrekku. Hún hefði orðið að stansa og hann rokið út úr bílnum og reynt að rífa hana út. Hún hefði hins vegar verið föst í bílbeltinu. Móðir ákærða hefði heyrt það sem var á seyði enda var hún enn á línunni og ákærði hefði hætt þegar hún gerði honum grein fyrir því. Hún hefði sagt honum að hitta sig í Faxafeni, þangað sem hún átti erindi. Móðir ákærða hefði þá verið komin á staðinn en ákærði farið þegar hann sá það. Brotapoli kvaðst hafa komið, lagt sendibifreiðinni og farið yfir í bíl til móður ákærða sem hefði læst bílnum. Ákærði hefði síðan komið aftur akandi á miklum hraða og ekið á sendiferðabílinn. Hann hefði síðan endurtekið það og bakkað á bílinn áður en hann fór af vettvangi. Lögreglan hefði komið í kjölfarið.

H, móðir brotþola, kvað hana hafa greint þeim foreldrunum frá því í september 2018 að ákærði hefði beitt hana ofbeldi í sambandi þeirra. Það sem brotþoli hefði sagt væri í mikilli móðu en vitnið kvaðst hafa fengið mikið sjokk. Hefði brotþoli greint þeim frá alvarlegu ofbeldi sem hefði staðið um nokkurt skeið en þó haldið aftur af sér í lýsingum til að hlífa þeim. Áður hefðu þau haft grun um andlegt ofbeldi ákærða gagnvart brotþola og hefði vitnið reynt að ná til hennar með sínum hætti og láta hana vita að hún ætti samastað. Hefði verið áberandi hversu fas brotþola breyttist og hún varð flóttaleg. Þá hefði það verið ljóst að ákærði stjórnaði brotþola og verið líkt og allt sem óeðlilegt var væri orðið eðlilegt. Vitnið kvaðst vita að brotþoli hefði einnig verið veik vegna myglu sem hefði haft áhrif á heilsu hennar. Vitnið kvað brotþola ekki hafa sýnt sér neina áverka en hún hefði verið sérlega leikin að leyna því sem gerðist. Hún hefði gert sem minnst úr þegar á hana var gengið.

Vitnið kvað framkvæmdastjóra brotþola, G, hafa komið til að ræða við sig og systur brotþola. Hún hefði lýst áhyggjum af henni og viljað leggja sitt af mörkum til að aðstoða hana við að komast út úr sambandinu. Hefði þetta verið í ágúst, áður en brotþoli sagði nokkuð.

Þegar brotþoli hefði greint foreldrunum frá ofbeldinu fyrst hefði hún sagt þeim frá nýlegu atviki. Það hefði átt sér stað þegar hún ætlaði að hafa sig til en ákærði hefði elt hana og hrint henni svo að hún meiddi sig þegar hún féll á klósettsetu. Þá hefði hún sagt þeim frá atviki sem átti sér stað í júní þegar ákærði og brotþoli fóru austur. Ákærði hefði þá tekið öryggisbeltið í bílnum og hert að en hún náð að sleppa.

Vitnið kvað brotþola hafa sagt sér frá fleiri ofbeldistilvikum. Hefði brotþoli greint henni frá atviki 17. september 2018 þegar hún var að gera sig til fyrir vinnu og ákærði hefði hellt yfir hana kaffi. Hún hefði lýst þessu sem átökum þar sem hann hefði verið að elta hana, hrinda henni og sparka í hana. Einnig hefði hún lýst atviki þar sem ákærði hellti yfir kjól þegar brotþoli var á leið í jarðarför. Þá hefði hún sagt frá tilviki sem átti sér stað þegar hún var á leið til vinnu 13. október. Ákærði hefði þá sýnt henni mikla lítilsvirðingu með því að hafa þvaglát yfir hana. Hann hefði viljað að hún færi úr fötunum og kæmi inn í svefnherbergi til þess að eiga við hana samfarir. Vitnið lýsti meðferð ákærða gagnvart brotþola þannig að enginn hefði viljað stunda kynlíf eftir svona

meðferð. Síðasta atvikið hefði verið þegar ákærði ók í veg fyrir hana þegar hún var á vinnubílnum og reyndi að koma henni út af veginum. Hefði hann síðan reynt að draga hana út úr bílnum og ekið á vinnubifreiðina.

Vitnið kvað brotþola þurfa á áframhaldandi hjálpa að halda við að ná innri ró. Hún væri viðbrigðin og ekki síst eftir að það nálgæðist málarekstur þennan. Hún hefði samt náð miklum bata

I, systir brotþola, kvaðst hafa búið í [...] á þeim tíma er brotþoli byrjaði með ákærða en flust til Íslands í ágúst 2018. Það sem var á seyði hefði þó ekki farið fram hjá henni því að fjölskyldan hefði talað saman. Þau hefðu haft áhyggjur af brotþola þegar hún fluttist til ákærða en á þeim tíma hefði hún einangrað sig og ákærði verið mjög stjórnasamur. Á tímabili hefði verið líkt og þau þekktu brotþola ekki og ólíkt því sem var hefði hún ekki viljað ræða við þau.

Vitnið kvaðst muna eftir því að hafa séð brotþola í jarðarför í september og í útliti hefði hún verið mjög ólík sjálfri sér. Hún hefði ekki leitað til þeirra á þessum tíma. Vitnið kvaðst hafa gíst í foreldrahúsum á tímabili en brotþoli hefði komið til að ræða við foreldra þeirra 18. september. Vitnið kvaðst hafa vitað að eitthvað alvarlegt hefði gerst og fengið svo að heyra að ákærði hefði kastað brotþola til og hún lent á salernisskál, hann hefði sparkað í hana, m.a. klof hennar þar sem hún lá, og hóttað henni lífláti. Fram hefði komið að brotþoli hefði rætt við einhvern í vinnunni um þetta. Brotþoli hefði verið í foreldrahúsum í viku og á þeim tíma hefði vitnið komið henni að hjá sálfræðingi. Kvað vitnið brotþola hafa verið hrædda eftir þetta atvik en engu að síður hefði hún farið aftur til ákærða. Hefði vitnið átt erfitt með að skilja hvernig það gat gerst þó hún hefði verið vöruð við að sú gæti orðið raunin. Fjölskyldan hefði verið ráðalaus og hrædd um að hún myndi endanlega loka á þau.

Eftir atvikið 4. nóvember 2018 og skýrslutöku hjá lögreglu hefði brotþoli greint henni frá fleiri atvikum, m.a. 4. september og 13. október. Í seinna tilvikinu hefði ákærði hrint henni á gólfið og hún fengið kúlu. Hann hefði hent henni í sturtu svo og fötum sem hún átti og haft þvaglát yfir hana. Þá hefði hann skipað henni að fara úr fötunum og inn í svefnherbergi, afklætt hana úr nærbuxunum og nauðgað henni. Eftir þetta hefði brotþoli

fengið fjörfisk í augað sem hún tengdi atvikinu. Brotapoli hefði á þessum tíma verið orðin það hrædd að hún hefði ekki farið úr aðstæðunum. Það hefði ekki verið fyrir en eftir atvikið 4. nóvember sem brotapoli greindi vitninu ítarlega frá, og hún lýsti fyrir dómnum að brotapoli hefði hætt samskiptum við ákærða og ekkert hik verið á henni lengur. Kvaðst vitnið hafa farið með brotapola í læknisskoðun vegna áverkavottorðs. Hefði komið í ljós að enn voru til staðar eymsli og henni hefði verið illt í annarri öxlinni.

Vitnið kvaðst nú þegar sjá mikla breytingu á brotapola til góðs en ákveðin vinna væri framundan.

J, bróðir brotapola, kvað hana hafa sagt sér eftir 4. nóvember 2018 frá ofbeldi ákærða gagnvart sér. Fjölskylduna hefði grunað margt áður og hefði ekki farið milli mála að ekki var allt með felldu. Vitnið kvaðst ekki muna nákvæmlega hvað hann hefði heyrt beint frá brotapola og hvað hann hefði heyrt frá öðrum í fjölskyldunni. Vitnið kvaðst ekki hafa séð neina áverka á þessum tíma en brotapoli hefði þó hagað sér á annan hátt en hún átti vanda til. Vitnið kannaðist við að hann hefði einhvern tíma séð áverka á brotapola en vafalaust hefði hún logið til um hvernig hún hefði fengið þá enda hefði hún ekki verið búin að greina frá neinu þá.

K, vinkona brotapola, kvað brotapola hafa komið heim til hennar seinni hluta september 2018. Hafi vitnið strax séð að eitthvað mikið hefði gengið á. Hún hefði borið sig illa og legið eitthvað á hjarta. Eftir að vitnið og L voru orðnar einar eftir með brotapola hefði hún greint þeim frá því að hún hefði orðið fyrir alvarlegu ofbeldi af hálfu ákærða. Hefði hún sagt þeim frá atviki er ákærði hrinti henni á salerni og lyft upp bolnum og sýnt áverka, mar nálægt rifbeinum. Þá hefði hún sýnt áverka við eyra eða gagnauga.

Eftir að brotapoli fór endanlega frá ákærða hefði hún sagt vitninu frá því að ákærði hefði beitt hana kynferðislegu ofbeldi. Hann hefði hent henni inn í sturtu, haft þvaglát yfir hana og hent henni til og frá. Hún hefði dottið í gólfið. Þá hefði hann nauðgað henni. Einnig hefði hún sagt frá atviki sem átti sér stað á Egilsstöðum en það hafi verið í fyrsta sinn sem ákærði lagði á hana hendur. Hann hafi þá þrengt öryggisbelti að hálsi hennar.

Vitnið kvað brotþola alltaf hafa verið með allt á hreinu og flotta en það hefði breyst. Vitnið kvaðst sjá mikinn mun á brotþola nú til hins betra en hún væri enn með einkenni áfallastreituröskunar.

M, vinkona brotþola, kvað brotþola fyrst hafa greint sér frá ofbeldi ákærða í september 2018 þegar ákærði hafði kastað henni til og hún meitt sig í baki er hún lenti á vaski eða kanti á klósetti. Brotþoli hefði verið hrædd og sýnt áverka á gagnauga og baki og eitthvað á hálsi. Um augljósa áverka hefði verið að ræða. Síðar hefði hún sagt vitninu frá fleiri tilvikum en vitnið kvaðst ekki muna í hvaða röð þau hefðu verið eða hvað hefði nákvæmlega átt sér stað. Í eitt skiptið hefði hún sett á sig maskara og þá hefði hann hellt yfir hana kaffi. Hann hefði í eitt skipti hellt Hleðslu yfir fötin hennar þegar hún ætlaði í útför og ráðist svo á hana. Hann hefði rífið í hárið á henni og hún fengið skallablett. Einnig hefði brotþoli verið með brunasár eftir eitt skipti þegar ákærði reif föt af henni. Þá hefði brotþoli sagt frá tilviki sem átti sér stað eftir að hún fór aftur til ákærða. Hann hefði hrint henni og hún dottið í gólfið og fengið kúlu. Kvaðst vitnið hafa séð þessa kúlu eða mynd af henni en brotþoli hefði fengið krónískan fjörfisk á eftir. Ákærði hefði pissað yfir brotþola og skipað henni inn í rúm þar sem hann hefði nauðgað henni. Síðasta tilvikið hefði átt sér stað þegar ákærði elti brotþola sem var á sendiferðabíl. Hann hefði reynt að rífa hana út úr bílnum eftir að hún varð að stansa þegar hann ók í veg fyrir hana. Lýsti vitnið frásögn brotþola frekar fyrir dómi.

Vitnið kvaðst hafa haft milligöngu um að brotþoli talaði við systur sína sem gat leiðbeint henni frekar. Brotþoli hefði á þessum tíma verið skugginn af sjálfri sér en áður hefði hún alltaf verið svo staðföst. Sterkur grunur hefði verið um ofbeldi en engin staðfesting fengist. Í dag sæi vitnið mikla jákvæða breytingu á brotþola.

E, vinkona brotþola, kvað brotþola hafa sagt sér frá ofbeldi ákærða í nóvember 2018 en þá heyrði hún jafnframt af því að hún væri barnshafandi. Brotþoli hefði sagt að hún hefði verið í ofbeldissambandi sem hefði þróast úr því að vera bara andlegt yfir í líkamlegt ofbeldi. Hún hefði einnig sagt henni frá atviki sem gerðist í sturtu en ákærði hefði hent henni í rúmið og beitt hana kynferðislegu ofbeldi eftir að hún hafði vankast eftir höfuðhögg. Þá hefði brotþoli greint vitninu frá því atviki er ákærði beið eftir brotþola á bíl og stoppaði hana og reyndi að rífa hana út úr bifreiðinni.

Vitnið kvaðst einhverju sinni þá um sumarið hafa séð áverka á brotaþola sem hún sagðist hafa fengið í vinnunni. Seinna hefði hún sagt henni að ákærði hefði klipjið hana í bifreið er þau voru á Egilsstöðum. Hefði hún séð marblett á upphandlegg og hann verið frekar gamall. Brotaþoli hefði þá verið í hlýraból. Aðspurð kvaðst vitnið sjá jákvæða breytingu á brotaþola í dag.

L, vinkona brotaþola, kvað brotaþola hafa greint sér frá ofbeldi ákærða gagnvart sér í september 2018 en þá hefði hún farið frá honum. Þær hefðu hist eitt kvöldið ásamt fleirum og hún hefði verið þögul. Þegar þær K hefðu gengið á hana síðar um kvöldið hefði hún sagt frá því að ákærði hefði hent henni á salerni, rifið í hár hennar og beitt hana öðru ofbeldi. Aðspurð taldi vitnið um nýlegt atvik að ræða. Hún hefði til að mynda sýnt áverka ofarlega við háls og lyft upp peysu og sýnt áverka við rifbein. Vitnið kvaðst ekki muna vel það sem brotaþoli sagði en hún hefði greint þeim frá eldra atviki sem átti sér stað á Egilsstöðum en þá hefði ákærði beitt hana ofbeldi. Seinna hefði hún sagt vitninu frá því er ákærði elti hana á bifreið og ók á vinnubifreið hennar.

N, vinkona brotaþola, kvaðst hafa sótt brotaþola og þær spjallað saman í bifreiðinni í september 2018. Hún hefði þá sagt henni frá því sem hana grunaði, að ákærði beitti hana líkamlegu ofbeldi til viðbótar við hið andlega. Hún hefði sagt vitninu að ákærði hefði ráðist á hana þegar hún var að setja á sig maskara. Hún hefði verið með kúlu og för á hálsi en vitnið myndi ekki hvar hinir áverkarnir voru. Vitnið kvað atvikin renna svolítið saman í eitt en einhverju sinni hefði hún séð kúlu en hún myndi ekki hvort það var í raun eða á mynd. Taldi vitnið að það hefði verið eftir að brotaþoli fór aftur til ákærða og vitnið hefði hugsað: „Jesús, er hún komin í þetta aftur.“ Eftir að brotaþoli fór endanlega frá ákærða hefði hún greint vitninu frá fleiri atvikum. Hefði hún sagt henni frá atviki sem átti sér stað þegar hún var að fara í jarðarför og tók saman föt. Hann hefði hellt Hleðslu yfir fötin og gengið í skrokk á henni. Þá hefði verið tilvik þegar hann hefði hent henni og fötum í sturtuna og haft þvaglát yfir hana og sagt henni að fara inn í herbergið. Einnig hefði hún sagt henni frá atvikinu er var nú síðast, þegar ákærði sat fyrir henni og nauðhemlaði svo að hún þurfti að stoppa.

O, vinkona brotaþola, kvaðst fyrst hafa haft spurnir af því sem brotaþoli hafði lent í þegar hún var farin frá ákærða. Fram að því hefði hún einangrað sig og kvaðst vitnið hafa fundið að hún var undir áhrifum hans. Brotaþoli hefði sýnt vitninu upptökur,

orðsendingar, skilaboð o.fl. frá ákærða. Þá hefði hún sagt vitninu frá atvikinu er ákærði ók á eftir henni og reyndi að draga hana út úr bílnum. Lýsti vitnið því frekar. Hún hefði sagt henni hvernig ofbeldið hefði stigmagnast og hvernig ákærði hefði byrjað að ganga í skrokk á henni. Hefði hún lýst atviki þegar hann henti henni í gólfíð inni á baðinu, hafði þvaglát yfir hana og nauðgaði henni. Brotapoli hefði fengið kúlu og verk í öxl. Hún hefði litið illa út og verið mjög skelkuð. Vitnið kvaðst ekki muna vel eftir þessu samtali í dag eða hvar hún hefði séð áverkana og hvenær. Þá væri mögulegt að hún hefði séð áverka fyrr, en brotapoli ekki viðurkennt neitt.

P kvaðst hafa hitt brotapola fyrir milligöngu systur sinnar, að því er hana minnti um haust eða vetur 2018. Systir hennar hefði sagt henni að brotapoli væri í ofbeldissambandi og að ákærði næði henni alltaf til sín aftur. Hefði vitnið rætt við hana og hefði brotapoli sagt frá árásum ákærða. Tilvikin rynnu svolítið saman en hún hefði sagt frá atviki sem átti sér stað þegar hún var að fara í útför en ákærði hefði ráðist á hana og skemmt fót. Þá hefði verið annað tilvik er ákærði hrinti henni á baðinu og hún lenti utan í einhverju. Einnig hefði hann haft þvaglát yfir hana og minnti hana að það skiptið hefði hann nauðgað henni. Einnig hefði hún sagt frá atviki er hann réðst á hana í bifreið og reyndi að kyrkja hana. Brotapoli hefði einnig lýst atviki er ákærði hefði ekið á bíl hennar. Vitnið kvað brotapola ekki hafa litið vel út. Hún hefði sýnt áverka á baki, eyra og gagnauga og eitthvert far á hálsi.

F kvaðst hafa starfað hjá sama fyrirtæki og brotapoli. Hann hefði tekið við rekstri fyrirtækisins á [...] og verið yfirmaður hennar. Hann kvað brotapola hafa verið mjög sjarmerandi og klára og fljóta að ná tókum á því sem henni var falið að gera. Ýmislegt hefði þó verið skrytið og G, samstarfskona hans, hefði rætt við móður brotapola og systur sem höfðu áhyggjur af óeðlilegu sambandi sem hún var í. Einhvern veginn hefði lífsglampinn í augum hennar fölnað. Sjálfur hefði hann reynt að spyrja brotapola hvort eitthvað amaði að en hún sagt svo ekki vera. Eitt skiptið hefði hún viljað ræða við vitnið og hefði hann þá fengið alla söguna. Hún hefði lýst því hvernig hún hefði búið við stjórnsemi og ofbeldi. Hún hefði verið í geðshræringu og grátið þegar hún sagði frá. Vitnið kvaðst hafa orðið mjög sjokkeraður og ráðfært sig við G og þau boðið fram aðstoð sína. Aðspurður kvaðst vitnið ekki muna hvenær samtalið átti sér stað en taldi mögulegt að það hefði verið um sumar. Vitnið kvað sig ráma í veikindi vegna myglu og

veikindaleyfi vegna þess en kvaðst ekki muna eftir því sérstaklega í dag. Almennt hefði verið mikið að gera í vinnunni og álag og brotapolí hefði verið að reyna að standa sig.

G kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri vinnustaðar brotapolá. Taldi hún líklegt að hún hefði fyrst heyrt af því sem gekk á þegar systir brotapolá hafði samband og bað um fund með henni og móður sinni. Eftir það hefði hún farið að veita því sem gerðist meiri athygli og á einhverjum tímamarki hefði hún farið með brotapolá í bíltúr og spurt hana hvað væri á seyði. Hún hefði aðstoðað hana með því að útvega henni síma til að hafa ef hún þyrfti og hvatt hana til að ræða við foreldra sína. Brotapolí hefði greint henni frá því að ákærði væri mjög afbrýðisamur og hefði einhverju sinni er hún var að mála sig skellt höfði hennar í spegil. Brotapolí hefði verið mjög hrædd en enn verið hrifin af honum. Tilfinningar hennar hefðu því verið blendnar. Vitnið mundi ekki til þess að hafa séð áverka.

Q, barnsmóðir ákærða, lýsti því hvað hefði orðið til þess að hún vildi draga úr umgengni sonar síns við ákærða. Í nóvember hefði brotapolí komið til vitnisins og sagt henni og eiginmanni vitnisins frá brotum ákærða gegn henni. Hún hefði sagt henni frá atviki er ákærði beitti hana ofbeldi, hafði þvaglát yfir hana og nauðgaði henni. Vitnið kvaðst ekki muna hvort hún sá áverka en brotapolí hefði verið mjög hrædd og haldið aftur af sér. Vitnið kvaðst hafa verið í sambandi við ákærða á árunum 2010–2012. Vegna eigin reynslu hefði hún strax tekið brotapolá trúanlega enda vissi hún hvers megnugur hann væri.

AA kvaðst hafa verið í akstri á miðjuakrein og kominn yfir umferðarljósín á Grensásvegi þegar hann hefði séð sendiferðabíl og síðan bifreið af gerðinni Audi eða Benz fyrir framan sig sem hefði ekið greitt. Bifreiðin hefði síðan tekið fram úr sendiferðabílnum, farið fyrir hann og nauðhemlað. Ökumaðurinn hefði farið út úr bílnum, rífið upp hurðina og farið inn í sendiferðabílinn með hnefann á lofti. Hann hefði ekki séð hvað gerðist en hringt á lögregluna og tilkynnt atvikið.

D kírópraktor kvaðst hafa meðhöndlað brotapolá um nokkurt skeið vegna stoðkerfisvanda. Breytingar hefðu orðið á verkjum hjá henni og hefði það ekki endilega verið líkamlegur áverki heldur mögulega sjökk sem hafði þessi áhrif á stoðkerfið. Bólgur

hefðu aukist hjá henni, stífleiki og læsingar með verkjum þar af leiðandi. Brotapoli hefði tjáð honum að ákærði hefði ráðist á hana og slegið. Hefði hann fundið fyrir tognun í hálsi og herðablaði. Þá minnti hann að hann hefði séð mar við herðablað og hálsrót en hann gæti ekki lýst því í dag eða tímasett.

Vitnið lýsti atviki er brotapolí hefði hringt í hann og tjáð honum að henni væri veitt eftirför en ákærði hefði ofsótt hana og hótað henni. Hefði hann hringt á lögreglu og beðið þá að koma niður í Faxafen þangað sem brotapolí ætlaði að koma. Þegar hann hefði komið á vettvang hefði hann séð að búið var að aka á sendiferðabifreið sem brotapolí ók. Hún hefði verið hrædd og grátandi.

BB var vaktstýra hjá Kvennaathvarfi er brotapolí leitaði þangað og bar að hún hefði farið í þrjú viðtöl, tvö í september, hið seinna 26. september, og aftur 9. október 2018. Vitnið gerði grein fyrir nótum sem fyrrverandi starfsmaður hafði ritað. Þar kemur fram að hún hafi leitað til þeirra fyrst vegna kærasta sem nýverið hefði ráðist á hana. Hún hafi verið með áverka, eldri og nýja, mar og ör og verki í mjóbaki og baki. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um hvort ráðgjafinn sem þetta ritaði hefði séð áverkana en hún hefði ritað þetta eftir endursögn brotapola. Þá hefði komið fram að brotapolí hefði hvorki ætlað að kæra né fá nálgunarbann heldur leitað eftir stuðningi og verið í áfalli eftir nýlega árás. Á þeim tíma hefði hún verið flutt frá honum og viljað slíta sambandinu. Hún hefði svo flust aftur til hans og verið komin til hans aftur í síðasta viðtalinu.

CC kvað brotapola hafa leitað á Heilbrigðisstofnun [...] 5. nóvember 2018 vegna áverka sem hún kvaðst hafa fengið undanfarna mánuði af völdum sambýlismanns. Hefði hún sérstaklega nefnt atvik sem átti sér stað 13. október 2018 og nefnt einkenni og áverka sem hún tengdi við það. Við skoðun kvaðst vitnið hafa fundið bólgur, m.a. á hvirfli, þreifieymsli og stífni í bakvöðvum eins og nánar er lýst í vottorði. Vitnið kvað brotapola hafa verið mjög skýra og áverkar samræmst atvikalýsingu hennar. Aðspurð kvað vitnið brotapola sjálfa hafa lýst sumum einkennunum en annað hefði sést eða verið greint við skoðun. Vitnið kvað brotapola ekki hafa rætt um andlega líðan eða nefnt kynferðisbrot. Þá var henni ekki kunnugt um að brotapolí hefði verið veik vegna myglu eða í meðferð hjá kírópraktor vegna stoðkerfisvanda.

B sálfræðingur kvað brotþola hafa leitað til sín og greint frá ofbeldissambandi sem hún hefði verið í. Gerði vitnið grein fyrir helstu niðurstöðum. Tvær vikur hefðu verið frá síðasta atviki en þá hefði ákærði beitt hana ofbeldi og hellt yfir hana kaffi. Hún hefði tekið upp samband við ákærða að nýju og hætt um tíma að mæta í viðtöl. Síðar hefði hún greint frá tveimur alvarlegum tilvikum þar sem annað endaði með nauðgun en í hitt skiptið hefði ákærði elt hana á bifreið. Þar sem sum atvikin voru nýleg hefði brotþoli enn verið í áfallafasa og vildi vitnið því bíða með frekari meðferð og vísaði henni á neyðarmóttöku. Vitnið lýsti þýðingu þess að mæling gilda hefði lækkað á tímabili en það þýddi ekki að brotþoli hefði verið komin í bata á þessum tíma.

C sálfræðingur gerði grein fyrir vottorði sínu og meðferðarvinnu brotþola hjá sálfræðiþjónustu Neyðarmóttökunnar vegna meints kynferðisbrots. Hún hefði strax fengið áfallaeinkenni sem hún náði ekki að jafna sig af. Kvað hún brotþola hafa komið í 15 viðtöl og tvö stuðningsviðtöl. Hún hefði verið greind með áfallastreituröskun eftir 11 vikur og sinnti meðferðarvinnu mjög vel. Brotþoli hefði náð bata eftir meðferðina og virst hafa jafnað sig, þ.e. áfallaeinkennin hefðu náð að hjaðna á eðlilegum tíma og verið í lokin undir greiningarviðmiðum. Mismunagreining hefði verið gerð og öll einkenni metin út frá alvarlegasta áfallinu sem var kynferðisofbeldið. Aðspurð kvað vitnið ekki um fullnaðarbata að ræða en niðurstöðurnar sýndu að hún hefði nýtt sér þau þjargráð og verkefni sem henni hefðu boðist. Það væri framvinda sem meðferðaraðili vildi helst sjá.

Móðir ákærða og systir skorudust undan því að gefa skýrslu við aðalmeðferð málsins með vísan til b-liðar 1. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, eins og þeim er heimilt vegna náninna tengsla við ákærða.

III.

Niðurstaða

I. kafli ákæru

Ákærði neitar alfarið sök samkvæmt 1.–5. tölulið ákærukafans. Hann viðurkennir að hafa beitt brotþola andlegu ofbeldi og að hafa verið stjórnsamur í samskiptum en neitar því að hafa beitt hana líkamlegu ofbeldi.

Meðal gagna málsins eru samskipti milli ákærða og brotþola sem afrituð voru úr síma brotþola. Samskiptin liggja fyrir í málinu en sérstaklega voru dregin fram í rannsóknargögnum þau sem áttu sér stað á tímabili ákæru. Þau samskipti sýna svo ekki verður um villst hversu ófyrirleitin framkoma ákærða var gagnvart henni. Sú framkoma var einhliða af hans hálfu og til þess fallin að brjóta hana niður andlega.

Ákærða er gefið að sök stórfellt brot í nánu sambandi, nauðgun og hættubrot. Teljast brotin varða við 1. og 2. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Í ákærinni er tekið mið af sex sjálfstæðum tilvikum. Um er að ræða tilvik sem brotþoli hefur sjálf lýst sem þeim tilvikum sem hún man best enda tengjast þau flest ákveðnum aðstæðum. Um hvert og eitt meint brot þarf að fara fram aðgreint og sjálfstætt sönnunarmat og verður sakfelling fyrir eitt atvik því ekki notuð til sönnunar um sök í öðru þótt hún geti gefið vísbendingu um hvatir ákærða. Því verður fjallað um hvern ákærulið fyrir sig og fer fram sjálfstætt sönnunarmat á hverjum um sig, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 15. október 2020 í máli nr. 16/2020.

Tilvik í 1.–5. tölulið ákæru eiga það sammerkt að ákærði og brotþoli eru ein til frásagnar um það sem gerðist. Brotþoli hefur lýst því að hún hafi aldrei leitað á slysadeild þegar hún fékk áverka vegna þeirra tilvika og ekki greint neinum frá atvikum fyrr en síðar.

Dómurinn metur framburð brotþola í heild sinni einkar trúverðugan en hann hefur verið stöðugur, skýr og í innbyrðis samræmi. Framburður ákærða hefur á hinn bóginn ekki verið að öllu leyti í innbyrðis samræmi og stöðugur ef frá er talið að hann hefur frá upphafi neitað því að hafa beitt brotþola líkamlegu ofbeldi eins og í ákæru greinir. Dómurinn metur framburð hans í heild sinni hvorki trúverðugan né sannfærandi. Hvað sem framangreindu mati dómsins á trúverðugleika framburðar líður, sbr. 115. gr. laga nr. 88/2008, verður framburður brotþola ekki lagður til grundvallar nema hann fái viðhlítandi stoð af öðrum gögnum málsins. Í því sambandi ber með hliðsjón af sönnunareglum og dómaframkvæmd að meta vægi sönnunargagna og leggja að því búnu heildstætt mat á þau.

Hvað varðar sönnunargildi framburðar vitna ber að líta til náinna tengsla og fjöl-skyldutengsla við brotaþola þar sem þau eru fyrir hendi. Ekkert er þó fram komið sem þykir rýra gildi framburðar þeirra og hafa þessi vitni ekki dregið dul á að þau hafi rætt málið við brotaþola og einhver þeirra sín á milli. Vitnisburðirnir bera þess hins vegar merki að langt er liðið frá atvikum og ber að hafa í huga að lögregla ræddi fyrst við mörg vitni rúmu einu og hálfu ári eftir að rannsókn máls þessa hófst, og þá símleidis.

1. töluliður

Ákærða og brotaþola ber saman um að hafa verið á Egilsstöðum þetta sumar í útilegu og að þau hafi rifist. Ákærði kvaðst ekki muna atvik vel og hann gæti því ekki sagt til um hvað gerðist umrætt sinn. Þegar borin voru undir ákærða framangreind samskipti kannaðist hann við að hafa glímt við vímuefnafíkn en hann myndi ekki hvort hann hefði verið að sækjast í efni sérstaklega þarna. Sú lýsing sem ákærði gaf hjá lögreglu um athafnir þeirra umrætt sinn er í megindráttum á sama veg og hjá brotaþola. Þannig er sannað að ákærði missti stjórn á sér og ferðalagið var í uppnámi á tímabili. Ákærði neitar því á hinn bóginn að hafa beitt brotaþola ofbeldi í bifreiðinni eins og lýst er í ákæru.

Meðal gagna eru samskipti á milli ákærða og brotaþola umræddan dag. Klukkan 19:32–19:58 er ákærði að reyna að ná í brotaþola og gefur í skyn að hann muni eyðileggja myndavél hennar, fara í bæinn án hennar eða fara á bar og detta í það.

Samskiptin bera með sér að ákærði reynir að beita brotaþola hótunum, kúgun og þrýstingi þegar hún svarar honum ekki. Ljóst má vera að eitthvað hafði gerst sem gerði það að verkum að brotaþoli treysti sér ekki til þess að hitta hann. Framburður hennar um ofbeldi ákærða hefur verið stöðugur, nákvæmur og greinargóður. Hann er að mati dómsins einkar trúverðugur og er ekkert fram komið í málinu sem rýrir sönnunargildi hans.

Vitnin H, K, P, E og L kváðu brotaþola hafa um haustið 2018 greint þeim frá meintu ofbeldi ákærða á Egilsstöðum eins og áður er rakið. Vitnið L mundi eftir marbletti sem hún hefði séð á upphandlegg brotaþola þá um sumarið en hún hefði ekki sagt henni að ákærði hefði veitt henni áverkann fyrr en í samtali þeirra í nóvember.

EKKI NÝTUR ANNARRA GAGNA VIÐ EN ÞEIRRA SEM HÉR HEFUR VERIÐ VIKIÐ AÐ. Samkvæmt þessu liggur ekki fyrir, þrátt fyrir trúverðugan framburð brotaþola, fullnægjandi sönnun þess

að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Með vísan til 108. gr., sbr. 109. gr., laga nr. 88/2008 ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið.

2. töluliður

Ákærði neitar því að hafa beitt brotþola líkamlegu ofbeldi samkvæmt verknaðarlýsingu ákæru. Hann kvaðst muna eftir atviki þar sem hann hefði rifið í bol brotþola svo að tognaði á honum en tengdi það ekki þessu tilviki.

Brotþoli kvaðst ekki geta lýst þessu atviki nákvæmlega. Skýringin væri sú að hún tengdi atvikið ekki tilteknum aðstæðum. Mörg tilvik hefðu verið keimlík á þessum tíma. Hún myndi aðeins brot er ákærði veittist að henni með ofbeldi, sér í lagi þegar hann reif utan af henni nærbuxurnar þar sem hún lá á gólfinu. Kvaðst hún hafa tekið myndir af áverkum sem hún taldi vera eftir þetta skipti.

Brotþoli greindi vitnum frá því hvernig ofbeldi ákærða gagnvart henni hefði stigmagnast. Tóku þau mörg fram að þar sem langt væri liðið ættu þau erfitt með að rifja upp frásögn hennar. Fram kom hjá vitninu M að brotþoli hefði sagt henni frá því að ákærði hefði í eitt skiptið rifið föt af henni svo að hún fékk brunasár. Ljósmyndir þær sem brotþoli tók eru dagsettar 20. ágúst 2018. Þær sýna kvenmannslíkama og sjá má skrámu við nærbuxnalínu. Aðrir áverkar eru ógreinilegir og erfitt að átta sig á því hvað er skuggi og hvað er mar. Sönnunargildi gagnsins er að mati dómsins takmarkað. Öðrum gögnum en þeim sem hér hefur verið lýst er ekki til að dreifa.

Dómurinn metur ótrúverðugan framburð ákærða um að hann hafi aldrei beitt brotþola líkamlegu ofbeldi. Sú háttsemi sem hann lýsti hjá lögreglu og fyrir dómi er háttsemi þar sem hann neytir aflsmunar. Á hinn bóginn fellur sú verknaðarlýsing ekki að þeirri sem ákært er fyrir í þessum ákærulið og er dómurinn við hann bundinn, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008. Þrátt fyrir trúverðugan framburð brotþola er ekki fram komin fullnægjandi sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og verður hann sýknaður með vísan til 108. gr., sbr. 109. gr., laga nr. 88/2008.

3. töluliður

Ákærða og brotaþola ber saman um að komið hafi upp tilvik umræddan dag og að ákærði hafi þá misst stjórn á skapi sínu. Þeim ber ekki saman um að ákærði hafi þá beitt brotaþola líkamlegu ofbeldi og kannaðist ákærði aðeins við að hafa kastað drykkjarfernu í vegg. Hefði innihald hennar m.a. farið yfir fatnað brotaþola sem lá á rúminu og kvaðst ákærði hafa skipað brotaþola að þrífa upp eftir hann. Brotaþoli lýsti hins vegar ofbeldi ákærða gagnvart sér í kjölfar þess að hann hellti úr fernunni yfir föt hennar, eins og fram kemur í verknaðarlýsingu.

Í málinu liggja fyrir samskipti á milli ákærða og brotaþola þennan morgun þar sem glögglega má sjá hugarástand ákærða og hvernig hann kennir brotaþola um að hafa skemmt fyrir sér daginn. Þá fyrirskipaði hann henni að koma sér út úr íbúðinni, þrífa áður en hún færi og úthúðaði henni. Brotaþoli segist í samskiptunum ekki geta hætt að gráta og tekur fram að það sé svo „erfitt að þrífa þetta“.

Framburður brotaþola um atvik þennan dag eru nákvæm og einkar trúverðug. Sannað er að ákærði var í ham þennan morgun og samskiptin bera með sér að eitthvað hafi gerst í því ástandi sem brotaþoli tók mjög nærri sér. Telur dómurinn sannað með hliðsjón af framangreindu að ákærði hafi hellt úr drykkjarfernunni yfir föt hennar en annað og meira verður ekki ráðið af samskiptunum. Brotaþoli greindi M frá atvikinu í september 2018 og móður sinni og N eftir 4. nóvember 2018. Annarra gagna nýtur ekki við. Þrátt fyrir trúverðugan framburð brotaþola er að mati dómsins ekki fram komin fullnægjandi sönnun þess að ákærði hafi beitt brotaþola nánar tilgreindu ofbeldi með þeim afleiðingum sem þar greinir. Ber því að því sýkna hann af þessum ákærulið með vísan til 108. og 109. gr. almennra hegningarlaga.

4. töluliður

Ákærði kannaðist við að hafa misst stjórn á sér þann dag sem hér um ræðir. Hann hafi verið afbrýðisamur, slegið kaffibolla úr höndum hennar og skipað henni að þrífa kaffið upp. Hann neitar því að hafa beitt hana líkamlegu ofbeldi heldur rokið út eins og venjulega. Kvað hann skiljanlegt að brotaþoli hefði óttast hann mjög vegna hegðunar hans en gat aðspurður ekki skýrt viðbrögð hennar að öðru leyti.

Framburður brotaþola um þetta atvik hefur verið trúverðugur. Þetta atvik gerði það að verkum að hún greindi sínum nánustu frá meintu ofbeldi og leitaði sér aðstoðar hjá fagaðilum. Vakti fyrst og fremst fyrir henni að komast út úr sambandinu og leitaði hún stuðnings til þess.

Í samskiptunum kemur fram að brotaþoli sé að „klára að þrifa upp allt kaffið“. Kveðst hún ekki hafa náð því vel af veggjunum og að hún ætli í sturtu og reyna að róa sig. Ákærði spyr: „Er þetta ekki bara búið?“ og spyr brotaþoli þá: „Viltu það?“. Svar ákærða er: „Get ekki verið svona lengur.“ Brotaþoli segist skilja það en það lagist ekkert af sjálfu sér. Þá segir hún við ákærða að hún vilja vera með honum og engum öðrum og standa með honum í gegnum alla erfiðleika sem komi upp. Þá segir hún: „Ekki það að þú eigir það endilega inni hjá mér, þú átt það inni hjá lífinu og þér sjálfum að þér sé sýndur stuðningur og skilningur, jafnvel þegar þú ert sem verstur.“ Í framhaldinu ræða þau hvort brotaþoli ætli í vinnu og hún kveðst halda að hún fari ekki. Þá segir hún: „Ég ætla að fara aðeins út, líður illa hér inni.“ Frekari samskipti eiga sér stað þennan dag og m.a. kemur fram að brotaþoli átti langt spjall við DD vinkonu sína á [...], en ákærði gerði athugasemd við það hversu lengi hún var að ræða við hana. Ráða má af samskiptunum að brotaþoli er varfærin og reynir að styggja ekki ákærða en hann virðist vera í viðkvæmu ástandi og vænisjúkur. Efast hann m.a. um að brotaþoli hafi í reynd verið að ræða við vinkonu sína og spyr hvort hún sé að „FKn ljúga að mér“, „Veist að ég kemst alltaf að sannleikanum.“ Brotaþoli segir þá: „Ástin mín, er að farast í bakinu í þig [svo ritað], með för á bakinu og marið eyra og háls“ en kveðst samt ætla að koma til hans. Áréttar hún að hún hafi þurft á því að halda að hitta vinkonu sína. Fram kemur í samskiptum þeirra að ákærði hafi fengið sér bjór og kveðst hann aðspurður ekki vera með dóp á sér. Brotaþoli er enn í samskiptum við ákærða kl. 22:30 og spyr: „Í hvernig ástandi ertu?“ og „á ég að vera hrædd við þig“. Hann svarar því ekki og spyr hvort hún ætli að koma eða ekki og kveðst hún vera rétt ókomin kl. 22:47.

Daginn eftir ræðir brotaþoli ástand ákærða og segir m.a.: „Ég er bara drullu hrædd við þig eins og er.“ Hún kveðst þó elska hann en tekur fram að hann verði að koma sér út úr „þessu“. Ákærði kveðst ætla að vera edrú og leita sér aðstoðar. Hann kveðst ekki ætla að „vera svona lengur“. Þennan dag er ákærði í samskiptum við brotaþola sem kveðst ekki treysta sér til að hitta hann þegar hann „er svona“ og kveðst ekki vera búin að jafna sig

eftir atvikið í gærmorgun. Ákærði segir þá: „Fyrirgefðu, ekki reyna að láta mér líða verr yfir þessu. Líður ömurlega út af þessu.“ Brotapoli segist vera hrædd um hvernig „þetta endar“. Ákærði segir henni að slaka á, hann sé orðinn rólegur. Hún segir að hann viti hvað hún meini og hann jánkur því. Kveðst hún ekki vera örugg með honum. Ákærði svarar að hann hafi séð að sér og beðist fyrirgefningar. Hún kveðst þó ekki þora að koma heim því hann sjái ekki að sér þegar hann sé „í kasti“.

Þann 19. september kl. 9:08 skrifar ákærði brotapolá: „Ég áttaði mig á því í gær að þetta væri allt búið og það að þú þorir ekki að koma heim til kærasta þíns er ekki eðlilegt, mér finnst þetta mjög leiðinlegt og mér líðir mjög illa yfir öllu sem ég hef gert. Get þetta ekki lengur:/“. Kl. 9:16 skrifar hann „Þú veist að við getum ekki verið lengur saman.“ Kl. 9:30 skrifar hann: „Elskar þú mig“. Brotapoli lýsir hug sínum til hans í svari en kveðst ekki treysta sér lengur til að koma heim og vera ein með honum. Hún þurfi tíma til að ná áttum og jafna sig. Kveðst hún ekki taka ákvörðunina því hana langi til þess heldur fyrir þau bæði, „ef þetta á ekki að enda með ósköpum“.

Vitni í málinu bera að brotapolí hafi greint þeim frá meintu ofbeldi ákærða og það atvik sem hér um ræðir hafi verið kveikjan að þeirri ákvörðun. Greindi hún fyrst vinkonu sinni N frá því sem gerðist og kvaðst vitnið hafa séð áverka þó hún myndi ekki lengur vel hvar þeir voru. Þá greindi hún vinnuveitendum sínum frá ofbeldi ákærða, vitninu F og G. Lýstu þau ástandi hennar og hvernig þau reyndu að hjálpa henni í kjölfarið. Þá greindi brotapolí móður sinni og systur, K, L, M og P frá þessu. Báru þær K og L, sem voru saman þegar brotapolí greindi þeim frá, að um nýlegt atvik hefði verið að ræða sem hún hefði þurft að ræða. Hefði hún sýnt þeim áverka á líkama sínum. Vitnið M og P kváðust einnig hafa séð áverka og sögðu að brotapolí hefði fundið til í baki eftir að hafa lent illa.

Lýsingar vitnanna á atvikinu eru misítarlegar og bera þess merki að langt er um liðið og tilvikin sem brotapolí greindi frá þegar upp var staðið mörg. Á hinn bóginn renna vitnisburðirnir stöðum undir framburð brotapolá og skiptir hér mestu að ekki var langt um liðið frá atvikum og vanlíðan hennar augljós vitnum.

Þá rennir það einnig stöðum undir framburð brotapolá að hún leitaði til Kvennaathvarfsins í kjölfar atviksins og síðar til sálfræðings. Í vottorði Kvennaathvarfsins er

greint frá því að brotapolí hafi verið með áverka, bæði eldri og nýja, og verki í mjóbaki og baki eftir ofbeldi sambýlismanns. Ber að meta sönnunargildi gagnsins út frá því að ekki fékkst staðfest hvort starfsmenn athvarfsins hefðu séð áverkana eða aðeins fengið lýsingu brotapóla. Þegar brotapolí leitaði fyrst til B sálfræðings kvað brotapolí tvær vikur liðnar frá síðasta atviki og lýsti hún atvikum og ofbeldi ákærða. Var hún þá metin með einkenni áfallastreituröskunar út frá þessu tiltekna tilviki en einkennin fóru þverrandi í öðru viðtali sem var viku síðar.

Fyrir liggur að brotapolí og ákærði voru aðskilin í viku frá 18. september 2018 og bjó brotapolí í foreldrahúsum þann tíma. Af samskiptunum á milli ákærða og brotapóla þennan morgun má ljóst vera að eitthvað hafði gerst sem gerði hana mjög óttaslegna. Svo mjög að hún ákvað að fara ekki heim eftir það og gaf ákærða skýringu á því í fyrrgreindum samskiptum frá 19. september 2018. Dómurinn telur þá skýringu nærtækasta, sé litið til þess sem hér hefur verið rakið, að hún hafi ekki talið sér vært nærri honum vegna þess líkamlega ofbeldis sem hann beitti hana umrætt sinn þegar hann missti stjórn á sér.

Dómurinn telur sannað með framburði ákærða, brotapóla og öðrum gögnum að ákærði hafi hellt úr kaffibolla yfir hana og skipað henni að þrífa kaffið upp. Ákærða er gefið að sök að hafa beitt brotapóla líkamlegu ofbeldi með nánar tilgreindum hætti. Þegar litið er til staðfasts og stöðugs framburðar brotapóla um þetta atvik og annarra framburða og gagna sem vikið hefur verið að hér að framan þykir mega leggja hann til grundvallar niðurstöðu. Ekkert er fram komið sem þykir rýra sönnunargildi framburðar brotapóla og þrátt fyrir að nán tengsl vitna við brotapóla hafi þýðingu við mat á sönnunargildi framburðar þeirra er ekkert fram komið sem bendir til þess að þau beri um annað og meira en það sem brotapolí greindi þeim frá í eigin persónu. Hafa verður í huga að um er að ræða þá einstaklinga sem stóðu brotapóla næstir og eðlilegt að hún leitaði til þeirra í raunum sínum. Þó ljóst sé að sönnunargildi framburðar sem þessa sé annað en þegar um er að ræða framburð sjónarvotta ber að meta það heildstætt hvort sönnunarkröfum sé mætt. Telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Framburður ákærða er að mati dómsins ótrúverðugur um atvik umrætt sinn og í andstöðu við annað það sem fram er komið.

Dómurinn telur sannað með vísan til fyrrgreindra gagna að brotaþoli hafi hlotið eymsli víðar um líkamann, einkum á baki.

5. töluliður

Ákærði neitar alfarið sök samkvæmt þessum ákærulið en kvaðst muna atvik vel. Ekkert óvenjulegt hefði gerst á milli þeirra, „mögulega einhver þræta“. Hann kvað þau hafa haft kynmök þennan dag.

Brotaþoli hefur lýst atvikum með sama hætti, fyrst hjá lögreglu og svo hér fyrir dómi. Hún hefur að mati dómsins verið trúverðug. Fram kom hjá henni að á þessum tíma hefði hún snúið aftur til ákærða, gegn ráðleggingum þeirra sem stóðu henni næst. Þegar hann hefði ráðist á hann hefði hún varla trúað því sjálf. Við hefði tekið afneitun sem hefði í reynd verið viðvarandi ástand þar til 4. nóvember 2018. Kvaðst brotaþoli af þessum sökum ekki hafa áttað sig á því að ákærði hefði brotið gegn henni kynferðislega fyrr en eftir skýrslutöku hjá lögreglu umrætt sinn.

Um atburðarásina 13. október 2018 verður ekkert ráðið af fyrirliggjandi samskiptum ákærða og brotaþola þennan dag. Síðdegis spyr ákærði hana hvort hún sé ekki spennt fyrir því að fara út úr bænum og hún tekur undir að það hljómi vel þó hún ráði illa við að vera lengi í bíl og hann ráði ferðinni. Ákærði kveðst ekki vilja að brotaþoli verði „þreytt, pirruð og allt vonlaust“ í ferðinni og kveðst ekki nenna „þessu FKn lífi“. Brotaþoli segist þá fara til að hafa það huggulegt og hún sé ekki vitund pirruð. Samskipti á milli ákærða og brotaþola eru erfið 15. október 2018, en ákærði kveður brotaþola vera pirrandi, svara honum seint og bendir henni á að hún geti sótt dótið sitt, hann hafi hugsað þetta mikið og haldi að „þetta verði aldrei eins og áður :/“. Hann líti svo á að þau séu bæði búin að missa áhugann. Brotaþoli svarar: „ég er bara búin að vera mjög niðurdregin“. „Já og áhugalaus“ svarar ákærði. Hún neitar því og telur líklegra að hann vilji einhverja aðra. Ákærði svarar: „Nei þú sagðir það bara sjálf í gær að þú hefðir engan rosalegan áhuga“. Brotaþoli svarar: „Sagði að það sem hefði gerst léti mér líða það illa að það kæmi niður á kynlífinu :/“. „Já eða það :(svarar ákærði. „Það er ekki áhugaleysi“, „Er búin að vera í sjokki“, „Það varir ekki endalaust“, svarar brotaþoli. „Sorry ástin mín, elska þig ótrúlega mikið en get ekki meira,“ svarar ákærði. Hann kveðst glíma við þunglyndi og vanlíðan og þeim sé ekki ætlað að vera saman. Á einum stað segir brotaþoli: „Er búin að vera langt

niðri um helgina og búin á því og skiljanlega X“, „Hver væri það ekki?“, „Þú getur ekki tekið það inn á þig að ég sé búin að vera skrítin eftir það sem þú gerðir“. Þá skrifar hún: „Þessi helgi var öðruvísi þú veist það“, „Fyrir utan helgina finnst mér alltaf geggjald að sofa hjá þér“.

Samskiptin á milli ákærða og brotþola halda áfram að vera erfið og sveiflukennð dagana eftir þetta. Þann 21. október er ákærði upptekinn af því að föt brotþola séu ekki á einum stað og spyr um allt dótið sem hún hafi tekið um daginn. Brotþoli kveður töskuna vera hjá honum en ákærði bendir á að taskan sé tóm. Brotþoli segir þá: „Já, því ég þvoði allt úr henni manstu?“ Kveðst hún hafa gengið frá öllu í skápa og skúffur. Hún hafi verið með dót í 66°N-tösku sem sé allt heima hjá honum núna. Þá segir ákærði skömmu síðar: „Og hættu svo að rifja upp á hverjum einasta Fkn degi það sem ég hef gert þér“, „Þú munt aldrei hætta því“, „Endalaust að láta mig fá FKn samviskubit“, „Gerir þetta á hverjum FKn degi hóran þín“. Brotþoli segir þá: „Þetta er botninn, ókey? Bara upp á við núna.“

Ákærði og brotþoli eru ein til frásagnar um atvik þennan laugardag. Framangreind samskipti bera með sér að eitthvað gerðist þá helgi sem um ræðir, sem gerði brotþola fráhverfa ákærða. Vísar brotþoli ítrekað til þess sem gerðist og kveðst vera í áfalli. Undirtektir ákærða eru fyrst og fremst hótun um að leita á önnur mið eða að slíta sambandinu. Aðspurður fyrir dómi hafði hann takmarkaðar skýringar á einstaka samskiptum þeirra á milli. Telur dómurinn afar ólíklegt að það sem brotþoli vísar til sem þess sem „gerðist“ sé eingöngu til komið af þrætum þeirra á milli og skýringar ákærða því ósennilegar.

Brotþoli greindi frá því að hún hefði hlotið áverka á enni sem hefðu verið vel sýnilegir. Hún hefði reynt að leyna þeim, fundið fyrir mikilli skömm og lágmarkað samskipti við sína nánustu.

Brotþoli greindi engum frá því sem gerðist fyrst eftir atvikið. Fram kemur í vottorði B sálfræðings að hún hafi átt bókaðan tíma 23. október 2018 en ekki mætt þá. Það var ekki fyrir en eftir 4. nóvember 2018 að hún greindi móður sinni, systur og vitnunum K, M, E, N, O, P og Q frá þessu atviki með misítarlegum hætti. Vitnin L, N og O kváðust hafa séð

kúlu og/eða lýstu öðrum áverkum eða einkennum sem þær tengdu atvikinu. Fram kom að L og N voru ekki vissar um hvort þær hefðu séð áverkana á mynd eða á brotaþola sjálfri. Þá rynnu tilvikin eilítið saman vegna þess tíma sem liðinn var.

Í viðtali við B sálfræðing 27. nóvember 2011 greindi brotaþoli frá þessu atviki. Hún var enn í miklu uppnámi þegar hún greindi frá og var í fyrsta sinn reiðubúin að fara endanlega frá ákærða. Niðurstöður prófa voru þær að hún uppfyllti öll greiningarviðmið áfallastreituröskunar hvað varðaði meint brot. Einkennin fóru dvínandi þegar á leið og var enn talið of snemmt að hefja meðferð við áfallstreitu.

Meðferðarviðtöl brotaþola hjá C sálfræðingi hófust 17. desember 2018. Meðferðin miðaðist við það að veita henni áfallahjálp vegna meints kynferðisbrots en niðurstöður endurtekens greiningarmats sýndu að hún þjáðist af áfallastreituröskun. Eftir því sem leið á meðferðina fóru einkennin minnkandi og þegar vottorðið var gefið út uppfyllti hún ekki lengur skilgreiningu á áfallastreituröskun sem þýddi að hún hefði sinnt meðferðarvinnu vel, nýtt stuðning og önnur bjargráð og virtist því vera komin í góðan bata.

Brotaþoli var skoðuð á Heilbrigðisstofnun [...] 5. nóvember. Þar greindi hún frá líkamlegu ofbeldi ákærða gegn sér umrætt sinn og nefndi þetta tilvik sérstaklega. Hún nefndi ekki meint kynferðisbrot en lýsti einkennum sem hún rakti til atviksins. Nefndi hún sérstaklega kúlu vinstra megin á enni og mikla verki í vinstri öxl. Við skoðun mátti merkja eymsli í vinstri öxl og þreifieymsli yfir vinstri axlarlið. Þá mátti finna eymsli í hálsi og baki, eins og vitnið CC kandídat lýsti fyrir dómi.

Brotaþoli hefur lýst hegðunareinkennum sem eru vel þekkt í þeim aðstæðum sem hún bjó við. Það að hún hafi eftir það sem á undan var gengið ekki stigið fastar til jarðar gagnvart ákærða eða leitað sér aðstoðar strax í kjölfar meints brots þykir ekki draga úr trúverðugleika framburðar hennar. Hvað sem því líður verður hann ekki lagður til grundvallar niðurstöðu málsins nema hann fái styrka stoð af öðrum sönnunargögnum eins og áður greinir.

Þrátt fyrir trúverðugan framburð brotaþola er að mati dómsins ekki fram komin fullnægjandi sönnun þess að ákærði hafi beitt brotaþola nánar tilgreindu ofbeldi með

þeim afleiðingum sem þar greinir svo kröfum um sönnun verði mætt. Ber því að sýkna hann af þessum ákærulið með vísan til 108. og 109. gr. almennra hegningarlaga.

6. töluliður

Ákærði hefur gengist við því að hafa ekið bifreið sinni með þeim hætti sem lýst er í ákærulið þessum. Hann neitar því hins vegar að hafa rifið upp öikumannshurðina og reynt að rífa brotþola út úr bifreiðinni á Miklubraut. Þá telur hann að háttsemi hans hafi ekki haft í för með sér almannahættu eða að með henni hafi hann stofnað lífi og heilsu brotþola í augljósan háska.

Framburður brotþola um atvik hefur verið stöðugur allt frá því að lögregla ræddi við hana á vettvangi við Faxafen. Lýsti hún því nákvæmlega hvernig ákærði elti hana uppi allt þar til hún þurfti nauðug að stöðva bifreiðina. Þá liggur fyrir frumskýrsla lögreglu og skilmerkilegur vitnisburður AA sem hringdi á lögreglu eftir að hann varð var við háskalegan akstur ákærða. Bar hann um að hafa séð þegar ákærði opnaði bílhurðina á sendiferðabíl og fór inn í bílinn með „hnefann á lofti“. Þá greindi brotþoli móður sinni og systur og vitnunum O og E frá atvikum m.a. hvernig hann reyndi að draga hana út úr bifreiðinni.

Með vísan til framangreinds er sannað að með aksturslagi ákærða hafi hann á ófyrirleitinn hátt stofnað lífi og heilsu brotþola í augljósan háska og að hann hafi reynt að rífa hana út úr bifreiðinni eins og áður hefur verið lýst. Þegar litið er til hamslauss ástands ákærða umrætt sinn var mildi að honum tókst það ekki. Ósannað er þegar litið er til framburðar ákærða og brotþola að honum hafi gengið annað til eftir að í Faxafen var komið en að aka á mannlausa sendibifreiðina. Verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru.

Samkvæmt öllu framansögðu hefur ákærði verið sakfelldur fyrir brot samkvæmt 4. og 6. tl. I. kafla ákæru. Brot ákærða voru endurtekin og alvarleg og beindust gegn þáverandi sambýliskonu hans. Óumdeilt er að samband þeirra er nákamið í skilningi 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum og er háttsemi hans rétt færð til refsíákvæðis. Þegar litið er til niðurstöðu og gagna málsins standa lagaskilyrði ekki til þess að heimfæra brot ákærða að auki undir 2. mgr. 218. gr. b en brot samkvæmt 6. tl. er réttilega heimfært

undir 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga. Þar sem 1. mgr. 218. gr. b hefur hærri refsimörk tæmir það ákvæði sök.

II. kafli ákæru

Ákærði hefur skýlaust játað brot sín samkvæmt þessum kafla ákæru. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

IV.

Ákærði á að baki sakaferil. Hann gekkst undir sátt hjá lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra 4. júlí 2021 vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna. Þá var hann dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra 26. júlí sl. fyrir ítrekuð fíkniefnalagabrot, peningaþvætti, fjárkúgun og tilraun til fjárkúgunar.

Samkvæmt þessu er akstur ákærða undir áhrifum fíkniefna samkvæmt ákæru héraðssaksóknara frá 10. maí 2022 ítrekað brot er varðar sektum en brotið var framið 30. september 2021. Brot þau sem ákærði er sakfelldur fyrir samkvæmt 4. og 6. tl. I. kafla ákæru 14. október 2022 voru alvarleg og sérlega ófyrirleitin. Með háttsemi sinni ógnaði ákærði heilsu brotaþola og velferð. Þá eru eignaspjöll ákærða samkvæmt II. kafla ákæru einnig litin alvarlegum augum enda til þess fallin að valda brotaþola vanlíðan og verður litið til 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Í ljósi forsögu 218. gr. b verður ákvæðunum ekki beitt samhliða hvað önnur brot varðar en í þessu sambandi vísast til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 47/2021 frá 30. mars 2022. Við ákvörðun refsingar er jafnframt litið til einbeitts ásetnings ákærða. Vísast í þessu sambandi til 1., 3. og 6. tölulíðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði á sér engar málsbætur. Þar sem brot ákærða sem fjallað er um í máli þessu, samkvæmt ákærum héraðssaksóknara frá 7. apríl 2021 og 30. september 2021, voru framin fyrir uppkvaðningu dóms Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 26. júlí 2022 ber með vísan til 60. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga að taka bæði málin til meðferðar og dæma í einu lagi þá refsingu sem kynni að hafa orðið, ef dæmt hefði verið um öll brotin í fyrra málinu.

Eins og áður greinir var dómur héraðsdóms í máli þessu ómerktur með dómi Landsréttar 8. desember sl. Þann 18. desember 2023 var ákærði með dómi Héraðsdóms Vesturlands

dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir umferðarlagabrot og sviptur ökurétti ævilangt frá 18. desember 2023. Ákærði sótti ekki þing og var málið tekið til dóms á grundvelli 1. mgr. 161. gr. laga nr. 88/2008. Sá dómur stendur óhaggaður. Við ákvörðun refsingar er vísað til hins ómerkta dóms um ítrekunaráhrif vegna brota ákærða á umferðarlögum.

Þegar litið er til alls framangreinds og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga er refsing ákærða ákveðin fangelsi í tíu mánuði. Verulegur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa fyrir dómi af ástæðum sem ekki eru raktar til ákærða. Verður fullnustu sjö mánaða refsingarinnar frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þar sem ákærði hefur þegar verið sviptur ökurétti ævilangt með dómi Héraðsdóms Vesturlands frá 18. desember 2023 þykja ekki efni til þess að ákvarða honum frekari ökuréttarsviptingu.

Ákærði skal sæta upptöku á fíkniefnum eins og nánar greinir í dómsorði.

Brotapoli krefst bóta úr hendi ákærða. Krefst hún annars vegar miskabóta og hins vegar bóta vegna eignaspjalla ákærða. Ákærði krefst frávísunar kröfu um miskabætur en til vara að hún verði lækkuð verulega. Þá krefst hann verulegrar lækkunar einkaréttarkröfu en samþykkir bótaskyldu.

Brot ákærða voru til þess fallin að valda brotapolu verulegum miska. Gögn málsins styðja að hún varð fyrir áfalli vegna þeirra brota sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir og tilgreind eru í I. kafla ákæru frá 7. apríl 2022. Þau ollu henni mikilli vanlíðan og gildir einu þó að hún hafi náð góðum árangri við að ná bata. Þá er til þess að líta að þegar brot samkvæmt 6. tölulið átti sér stað var brotapoli barnshafandi, eins og ákærða var kunnugt um. Með vísan til 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993 ber ákærða að greiða brotapola 800.000 krónur í miskabætur.

Fallist er á kröfu brotapola vegna eignaspjalla sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir. Krefst ákærði lækkunar kröfunnar sem er að hluta til byggð á áætlun en að öðru leyti á gögnum sem sýna hvað nýr munur sömu tegundar kostar. Með hliðsjón af framangreindu

fellst dómurinn á að hæfilegar bætur til brotþola vegna eignaspjalla séu 556.039 krónur. Einkaréttarkrafan ber vexti eins og nánar greinir í dómsorði. Dráttarvextir reiknast þegar mánuður er liðinn frá því að bótakrafan var birt.

Með vísan til 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal ákærði greiða helming 2.346.390 króna málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Guðbjarna Eggertssonar lögmanns, og sama hlutfall 83.700 króna þóknunar verjanda á fyrri stigum, Steinbergs Finnbogasonar lögmanns, og 1.800.000 króna þóknunar réttargæslumanns brotþola, Þorbjargar Ingu Jónsdóttur lögmanns, svo og 224.214 krónur í annan sakarkostnað en annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði. Sá hluti sem ákærði greiðir er kostnaður vegna ákæru héraðssaksóknara frá 10. maí 2022 sem hann ber að fullu en einnig greiði hann helming annars sakarkostnaðar vegna ákæru frá 7. apríl 2022. Við flutning málsins 16. janúar 2024 upplýstu verjandi og réttargæslumaður að þóknun þeirra sem ákvörðuð var með dómi réttarins frá 11. nóvember 2022 að meðtöldum virðisaukaskatti hefði þegar verið greidd. Verður þeim nú ákvörðuð þóknun vegna meðferðar málsins frá og með 8. desember 2023 sem ræðst að mestu af tímaskýrslum þeirra og reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2024 eins og nánar greinir í dómsorði og greiðist sá kostnaður allur úr ríkissjóði. Tekið er tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun þóknana.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Dagmar Ösp Vésteinsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í tíu mánuði en fresta skal fullnustu sjö mánaða refsingarinnar og hún falli niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldið ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði sæti upptöku á 5,29 g af maríhúana.

Ákærði greiði A 1.356.039 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 4. nóvember 2019 til 4. júní 2022, en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði helming 2.346.390 króna málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Guðbjarna Eggertssonar lögmanns, og sama hlutfall 83.700 króna þóknunar Steinbergs Finnbogasonar lögmanns og 1.800.000 króna þóknunar réttargæslumanns brotþola, Þorbjargar Ingu Jónsdóttur lögmanns. Þá greiði ákærði 224.214 krónur í annan sakarkostnað en sá hluti sem eftir stendur greiðist úr ríkissjóði. Sakarkostnaður sem til féll vegna meðferðar málsins eftir 8. desember 2023, þ.e. 548.080 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda og 480.698 króna þóknun réttargæslumanns brotþola, greiðist úr ríkissjóði.

Sigríður Hjaltested